



MESTA URVALIÐ
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlöð 2 • 430 6900

4BLS BÆKLINGUR
STÚTFULLUR AF TILBOÐUM Í FRÉTTA-
BLADINU Í DAG

FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur

28. október 2010
253. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI



Snýr aftur til Íslands

Kynlífsfræðingurinn Tracey Cox endurnýjar kynni sín af landi og þjóð.

fólk 54

Mikilsvirtur höfundur

Guðmundar Daníelssonar rithöfundar minnst með menningarvöku á Selfossi.

tímamót 26




Naumt gegn Lettum

Ísland vann tveggja marka sigur á Lettlandi í undankeppni EM 2012.

sport 48

veðrið í dag



VÆTA AUSTAN TIL Í dag verður stíf NA-átt við SA-ströndina en annars víða 5-10 m/s. Úrkomulítið en væta A-til. Hiti 0-8 stig, mildast syðst.

VEÐUR 4



★★★★★
- D. P., Fréttastíminn - Ó.M.T., Ríkis 2
★★★★★
- P.S., Fréttablaðið - T.V., Vefmyndunarsmiðjan

Nú í bíó smánnú bíó HASNOLA íbú séna

Þrír prestar til viðbótar sakaðir um kynferðisbrot

Undanfarinn mánuð hafa Þjóðkirkjunni borist mál þar sem þrír prestar eru sakaðir um kynferðisbrot. Málin eru fyrnd að lögum. Einn prestanna starfar innan kirkjunnar, annar er hættur og sá þriðji er látinn.

Níu mál í allt til fagráðs þjóðkirkjunnar

Fagráð Þjóðkirkjunnar var stofnað 1998 og kom fyrsta mál inn á borð þess vegna kynferðisbrots prests árið 2005. Síðan þá hafa níu mál, þar með talin þau þrjú sem hér um ræðir, komið upp. Hið síðasta var á hendur presti sem starfaði meðal annars í trúboði erlendis fyrir hönd Sambands Íslenskra kristniboðsfélaga. Hinn 23. ágúst síðastliðinn bárust áskanir um kynferðisbrot á hendur honum, sem hann játaði á fundi með fagráði kirkjunnar og var í kjölfarið vikið úr starfi.

að sögn Gunnars Rúnars Matthíassonar, formanns fagráðs Þjóðkirkjunnar.

Gunnar segir málin þrjú vera í skoðun og fagráðið sé nú að styðja við þolendurna að koma þeim í réttan farveg.

„Ég veit ekki hvað verður úr þessum málum,“ segir Gunnar. „Það fer allt eftir þeim sem til okkar leitar og í hvaða farveg viðkomandi vill að málið fari.“

Ekkert hefur verið aðhafst varðandi þann prest sem ásaður er og

er enn að störfum. Gunnar segir að það sé ekki hlutverk fagráðsins að grípa þar til aðgerða. „Sum mál eru þannig vaxin að þau kalla á inngrip en önnur ekki,“ segir Gunnar. „Ég efast um það að þetta mál sem um ræðir sé þannig vaxið að það kalli á að víkja viðkomandi úr starfi.“

Gunnar segir að ef mál fari í formlegan farveg hjá lögreglu eða úrskurðarnefnd sé það þeirra aðila að segja til um áframhaldandi aðgerðir. Ef brotaþoli kjósi að opinbera ekki málið sé það álfarið hans að ákveða.

Gunnar vildi ekki gefa upp hvar á landinu þeir prestar sem málin varða væru eða hefðu verið starfandi.

-sv



BALL Á BANGSADEGI

Alþjóðlegi bangsadayurinn var haldinn hátíðlegur í gær víða um heim. Börnin á Austurborg létu ekki sitt eftir liggja heldur héldu ball í tilefni dagsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hefur náð fjórðungs markaðshlutdeild á einu ári:

Íslenskt skyr slær í gegn í Noregi

FRAMLEIÐSLA Norska mjólkurbúíð Q, sem á síðasta ári hóf framleiðslu á skyrri að íslenskri fyrirmynd, hlaut á þriðjudag þekkt norsk nýsköpunarverðlaun fyrir skyrframleiðslu sína.

Íslenska skyrrið hefur slegið í gegn í Noregi og á skömmum tíma náð um fjórðungs markaðshlutdeild á markaði fyrir léttar jógúrtvörur. Í rökstuðningi fyrir verðlaunaafhendingunni segir að um nýja, holla vöru sé að ræða sem hafi breytt matarvenjum margra Norðmanna.

Skyrframleiðslan fer fram í samstarfi við

Mjólkursamsöluna en framleiðslutæknin er sú sama og notast er við hjá MS.

Skyr hefur verið framleitt á Íslandi allt frá landnámi en talið er að landnámsmennirnir hafi flutt kunnáttuna með sér til Íslands og hún hafi tíðkast á hinum Norðurlöndunum á þeim tíma. Skyrgerð virðist hins vegar hafa dáið út annars staðar en á Íslandi allt þar til nýlega, en auk þess að hafa náð fótfestu í Noregi á skyr nokkrum vinsældum að fagna í Danmörku auk þess að vera selt í Bandaríkjunum.

-mþl

FAGLEG RÁDGGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING



Tilboð á heilsurúmunum. Sjá bls 19.



www.rumgott.is • Sími 544 2121

FJÖLDI 500 FERSETRIA GÆLUÐYRRA
500m² STÓRVERSLUN FYRIR GÆLUÐYRIN
HEFUR OPNAÐ Á KORPUTORGI

Opið alla virka daga 11-18:30 · Laugardaga 10-18
Sunnudaga 12-18 · Sími 568 6888 · www.gaeludyr.is

gaeludyr.is
vinsældlega öðryrni



Einar, sérðu bara stjórnur þegar þú dansar?

„Nei, og ég ætla að reyna að vera ekki með stjórnur í augunum.“

Einar Aðalsteinsson leikari tekur þátt í hópansatriði við upptökur á myndinni Sherlock Holmes 2. Guy Ritchie leikstýrir myndinni. Aðalhlutverkin leika sem fyrr þeir Robert Downey Jr. og Jude Law.



FUNDNIR Heimamenn kalla apategundina „nwoah“, sem þýðir „api með andlitið á hvolfi“. MYND/DR. THOMAS GEISSMANN

Ný apategund finnst í Búrma:

Aparnir hnerra í rigningunni

DÝRALÍF Vísindamaður á ferð um frumskóga Búrma hafa uppgötvað nýja apategund í norðurhluta landsins. Heimamenn hafa reyndar vitað af öpunum lengi, og því sérkennilega einkenni þeirra að hnerra þegar rignir.

Skýringin á hnerrunum er einföld, nefn þanna er afar uppþreitt, svo mjög að það beinlínis rignir upp í nefið á þeim. Þeir eiga það því til að sitja með höfuðið milli lappanna í rigningu.

Aparnir eru smávarnir en með langt skott. Feldurinn er svartur að mestu en hvítur á eyrum og höku. Talið er að stofninn sé aðeins um 300 dýr. - bj

Tólf mánaða fangelsi:

Höfuðkúpu- braut mann

DÓMSMÁL Karlmaður hefur verið dæmdur í tólf mánaða fangelsi, þar af tíu mánuði á skilorði, fyrir stórfellda líkmsárás. Þá var hann dæmdur til að greiða fórnarlambinu rúmlega 630 þúsund krónur í skaðabætur.

Maðurinn var ákærður fyrir að hafa slegið annan mann í andlitið við Lækjargötu í Reykjavík. Sá síðarnefndi skall með höfuðið í götuna. Við árásina hlaut hann mikil höfuðmeiðsl, þar á meðal höfuðkúpubrot, mar á heila, nefbrot og heyrnartap.

Árásarmaðurinn játaði brot sitt skýlaust fyrir dómnum eins og því var lýst í ákæru. - jss

Tillögur ráðuneytis vegna netöryggismála verða ræddar á ríkisstjórnarfundum:


Ríkisstjórnin ræðir netöryggi

FJARSKIPTI Ögmundur Jónasson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, ætlar að kynna tillögur um viðbrögð og vinnulag vegna netöryggis á fundi ríkisstjórnarinnar á föstudag. Verið er að leggja loka hönd á málið í ráðuneytinu, samkvæmt upplýsingum þaðan.

Eins og Fréttablaðið hefur fjallað um undanfarið eru stjórnvöld illa búin undir hvers konar tölvuárásir og tölvuvandamál sem upp gætu komið. Ekki hafa fengist nákvæmar upplýsingar frá ráðuneytinu um stöðu mála þrátt fyrir að eftir því hafi verið leitað.

Unnið hefur verið að netöryggismálum innan Póst- og fjarskiptastofnunar. Í skýrslu stofnunarinnar frá árinu 2008 er bent á að veruleg ógn stafi að íslenskum netkerfum vegna tölvuárása, netglæpa og skemmdarverka. Þar er hvatt til þess að stjórnvöld stofni sérstakan viðbragðshóp. Í fjarskiptaáætlun fyrir árin 2005 til 2010, sem samþykkt var á Alþingi, er kveðið á um stofnun slíks hóps.

Viðbragðshópar hafa verið starfandi lengi í nágrennlöndunum. Starfsemi viðbragðshóps norskra



ÖRYGGI Ekki hafa fengist nákvæmar upplýsingar hjá samgönguráðuneytinu um stöðu mála. - bj

stjórnvalda hófst til að mynda í ársbyrjun 2003. - bj

Mjög ósáttur vegna krufningar folalda

Ríkharður Flemming Jensen er ósáttur við Keldur eftir að hann missti tvö folöld. Hann segir rannsóknarstöðina hafa hafnað krufningu á öðru folaldinu og efast um þær niðurstöður að hitt folaldið hafi drepist úr blóðeitrun.

HESTAMENNSKA „Þetta eru ekkert annað en hamfarir fyrir mér í minni hrossarækt“, segir Ríkharður Flemming Jensen hrossaræktandi. Hann missti nýverið tvö folöld af þremur, sem hann átti, úr hóstapestinni, að því er hann telur.

„Þetta voru stórættuð folöld, undan fyrstu verðlauna hryssum og stóðhestunum Kappa frá Kommu og Álfi frá Selfossi“, bætir Ríkharður við.

Hann er ósáttur við tilraunastöðina á Keldum, þar sem honum var hafnað um ókeypis krufningu á því folaldinu er síðar drapst. Ríkharður bendir á að þetta sé ekki í samræmi við þau skilaboð til hestaeigenda sem birt voru á vef Matvælastofnunar, þar sem segir að Keldur kryfji nú hross eigendum að kostnaðarlausu, ef líkur séu á að hóstinn hafi orðið hrossinu að fjörtjóni. „Hestaeigendur eru því hvattir til að láta dýralækni vita um grunsamleg tilvik, með því móti leggja þeir sitt af mörkum til aukinnar þekkingar á sjúkdómnum“, segir enn fremur.

„Ég gat fengið folaldið krufið, en það átti að kosta mig tæpar fjörtíu þúsund krónur“, segir Ríkharður. „Ég hefði talið að þeir sem eru að rannsaka hóstaveikina þyrftu á öllum þeim upplýsingum um hana að halda sem fyrir hendi væru. Þeir segjast vera komnir með skýra mynd af ástandinu með því að kryfja sautján folöld. Mér finnst það allt of lítið úrtak af landinu öllu eins og staðan er núna.“

Ríkharður segir að veikindin í fyrra folaldinu, Kappadótturinni, hafi uppgötvast um mánaðamótin ágúst-september.



ÁLFSSONURINN Skjótta hestfolaldið hafði þroskast mjög vel þegar það drapst, að sögn eiganda þess. Hann segir Keldur hafa neitað að kryfja það, eins og MAST hafi þó hvatt menn til.



KAPPADÓTTIRIN Úrskurðað var að litla brúna hryssan hefði drepist vegna blóðeitrunar en ekki af völdum hóstaveikinnar.

„Ég tók mæðgurnar heim í hesthús, þar sem dýralæknir með höndlaði folaldið í þrjár vikur. Það var allt reynt, öll hugsanleg fúkkalyf, auk þess sem ég var kominn með góðan vin minn, sérfræðing í háls-, nef- og eyrnalækningum

í málið. Við gáfum því asmabúst, stera og annað sem að gagni gæti komið, því það var með svo mikla öndunarerfiðleika. Það eru engin lyf til í landinu fyrir hross með þannig einkenni, svo að við urðum að nota mannalyf.“

En litla hryssan lifði ekki af. Hún hafði fengið blóðeitrun í kjölfar veikinnar. Eftir krufningu á Keldum var úrskurðað að hún hefði drepist úr eitruninni, en ekki veikinni.

„Fagmenn segja mér að blóðeitrunin hafi verið kjölfarssýking þegar ónæmiskerfi folaldsins veiktist vegna hóstaveikinnar. Ég spyr mig hvort þær staðhæfingar sem Matvælastofnun gefur út um lítinn folaldadauda af völdum veikinnar séu fengnar á svipaðan hátt.“

jss@frettabladid.is

Verðmætið 38 milljarðar:

Veði smábáta 76 þúsund tonn

SIÁVARÚTVEGUR Afli smábáta á síðasta fiskveiðarári var 75.966 tonn. Það er 2.500 tonna aukning á milli ára. Verðmæti upp úr sló fyrri met, 19,1 milljarður króna sem jafngildir útflutningsverðmætum upp á rúma 38 milljarða, að því kemur fram á heimasíðu Landsambands smábátaeigenda.

Af heildaraflanum var um helmingur þorskur sem jafngildir 22,8 prósentum af heildar þorskafflanum. Ýsuafl smábáta varð 16.923 tonn sem er 24,7 prósent af ýsuaflanum á fiskveiðarárinu. - há



OLÍUSKIP BÍÐA Fyrir utan olíubirgðastöð í Frakklandi. - bj

Franska þingið:

Eftirlaunafrumvarp samþykkt

FRAKKLAND, AP Franska þingið samþykkti í gær frumvarpið umdeilda sem felur í sér hækkun eftirlaunaaldurs í Frakklandi um tvö ár. Nánast stanslaus mótmæli gegn frumvarpinu vikum saman hafa sett þjóðlíf í Frakklandi úr skorðum.

Nicolas Sarkozy forseti hafði því sitt fram þrátt fyrir mótmælin, en vinsældir hans eru fyrir vikið í algjöru lágmarki meðal landsmanna.

Mótmælendur ætla þó ekki að gefast upp og vonast enn til að Sarkozy hætti við að staðfesta lögin með undirskrift sinni. Efnit verður enn á ný til mótmæla og verkfalla um land allt í dag. - gb

Fékk aðstoð eftir nauðgun:

Mistök voru að rukka konuna

HEILBRIGÐISMÁL Ung stúlka sem leitaði til Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja (HSV) í kjölfar nauðgunar í ágúst síðastliðnum fékk nýlega senda rukkun í pósti vegna nauðgunar sem hún hlaut í kjölfar nauðgunarinnar. Heilbrigðisstofnanir skulu ekki rukka einstaklinga sem leita eftir aðstoð vegna nauðgunar um komugjald.

„Væntanlega var um mistök að ræða ef því er rétt lýst að þessi einstaklingur hafi leitað hingað vegna nauðgunar. Ef svo var þá er um mistök að ræða og þá verður það leiðrétt“, segir Gunnar K. Gunnarsson, framkvæmdastjóri HSV. - mþl

Rjúpnaveiðin hefst á morgun og má veiða í samtals 18 daga og ekkert selja:

Suðvesturhornið áfram friðað

SKOTVEIÐI Rjúpnaveiðitímabilið í ár hefst á morgun og stendur til sunnudagsins 5. desember.

Að því er kemur fram á vef Umhverfisstofnunar er áfram friðað fyrir veiði á ákveðnu svæði á Suðvesturlandi og enn er í gildi sölubann á rjúpu og rjúpnaafurðum. Samtals verður leyft að veiða í átján daga sem bundnir eru við föstudaga, laugar- og sunnudaga á tímabilinu.

„Rjúpnaskyttur eru sem fyrr hvattar til að stunda hófsamar og ábyrgar veiðar. Virkt eftirlit verður með veiðunum á landi og úr lofti“, segir í frétt Umhverfisstofnunar sem hvetur veiðimenn til að ganga vel um náttúruna og kynna sér hvar þeir mega veiða.

Þá eru rjúpnaveiðimenn hvattir til notkunar á rafrænni veiðibók þar sem hægt er að skrá afla, tíma og koma á framfæri athugasemdum. „Þegar veiðimaður skráir afla getur hann séð ýmsar upplýsingar, svo sem hve margir skrá veiði þann dag, samtals veiði þann dag, samtals fjölda kukkustunda og meðalveiði svo eitthvað sé nefnt“, segir Umhverfisstofnun. - gar / sjá síðu 50



FRIDUNARSVÆÐI RJÚPUNNAR Umhverfisstofnun lokar á rjúpnaveiðimenn á öllum Reykjaneskaga og að vesturbakka Ólfusar og Sogs og yfir í Hvalfjörð eins og sést á kortinu. - mj

MYND/UMHVERFISSTOFNUN

Fjölbreytt og gott veganesti fyrir lífið

LIFRÆNN
þar Namatur

Fjölbreytt og gott veganesti fyrir lífið

KJARNGÓÐ NÆFING
Ósáltað
Ósykrað
ENGIN AUKAEFNI

www.barnamatur.is



Í Skútuvogi

Konukvöld

Í kvöld fimmtudaginn 28. október
kl. 19:00 - 22:00



Svanhildur Þórsteinsdóttir (Svansi) útvarpskona á Bylgjunni er kynnir á Konukvöldi

Helgi Björnsson tekur lagið af sinni einstöku snilld



TÍSKUSÝNING frá Volcano

TÍSKUSÝNING frá Evuklæði og skartgripir frá Gallerí Dunga



HUMARSÚPA - FRÍTT FYRIR KONUR MILLI KL.18:00 - 19:30

KONUR MÆTIÐ SNEMMA OG GÆÐIÐ YKKUR Á HUMARSÚPU Í KAFFI GARÐI Í BOÐI HÚSA-SMIÐJUNNAR OG BLÓMAVALS.

Vínber fyrir lengra komna, á tilboðsverði!



GLÆSILEGIR VINNINGAR
Dregnir verða út fjöldi vinninga og gjafabréf að verðmæti 20.000 og 10.000



GLÆÐNINGUR.
Allar konur fá ofnhanska frá Blómavali að gjöf

TIL SÖLU, SÝNIS OG SMAKK Á KONUKVÖLDI:

FJÖLDI TILBODA OG SKEMMTIATRÍÐA. Tískusýning frá Evuklæðum og Volcano. ÍSFLEX gefur prufur af dömuilmum frá Guess og Beyoncé. „Einstakur ilmur jólanna“ - kynning á NOËL frá Crabtree & Evelyn einnig kynning á Purity Herbs snyrtivörum. Smakk á lífrænum ávöxtum á Græna torginu, Nyákens piparkökum, bætiefninu Artichoke. Þá verður kynning og smakk á Aada engiferdrykkjum og Beat the Body with Goji frá My Secret. Nói Sírius býður konfekt að smakka. Salka kynnir bókina Mataræði (handbók um hollustu) eftir Michael Pollan. Skartgripir til sýnis og sölu frá Hjördísi Reykdal og Gallerí Dunga. Allar konur fá 20% afslátt af nýrri L'Oréal kremalínu hjá Lyfju Smáralind. Snyrtivörur frá AVON á 40% afslætti. Verðlaunahönnunin Reykjavíkurhandklæðið/Reykjavík Towel, verður til sýnis og sölu og margt fleira. Jón Þróstur Íslandsmeistari í blómaskreytingum sýnir það nýjasta og flottasta í jólaskreytingum.

25% AFSLATTUR

AF ALLRI VÖRU Í BLÓMAVALI.

AF ÖLLUM ÚTIVISTARFATNAÐI, JÓLASERÍUM, RAFMAGNS HÁR-SNYRTIVÖRUM OG BÚSÁHÖLDUM HJÁ HÚSASMÍÐJUNNI.

KL. 19:00 - 22:00

ELLY ÁRMANNSS kynnir bók sína ÁSTIN OG STJÖRNUMERKIN




blómaval
heillandi heimur



GENGIÐ 27.10.2010

GJALDMÍDLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	112,29	112,83
Sterlingspund	177,91	178,77
Evra	155,29	156,15
Dönsk króna	20,816	20,938
Norsk króna	19,115	19,227
Sænsk króna	16,661	16,759
Japanskt jen	1,377	1,385

SDR 175,98 177,02

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

196,1484

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



THEO HOEN Forstjóri Marels er ánægður með afkomu fyrirtækisins á þriðja ársfjórðungi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Afkoma Marels batnar mikið: Hagnast um 2,4 milljónir evra

VIÐSKIPTI Marel hagnaðist um 2,4 milljónir evra, jafnvirði 373 milljóna króna, á þriðja ársfjórðungi. Þetta er 180 prósentu aukning frá sama tíma í fyrra.

Greiningarfyrirtækið IFS segir afkomu Marels yfir væntingum. Þó séu fjármagnsgjöld, sem námu 10,8 milljónum evra á fjórðungnum, meiri en búist var við. Það staðfesti að mikilvægt sé að félaginu tækist að endurfjármagna skuldir á betri kjörum.

Í uppgjöri Marels kemur fram að formlegar viðræður standi yfir við takmarkaðan fjölda alþjóðlegra banka um fjármögnun. Það geti auðveldað samþættingu í starfsemi fyrirtækisins.

- job

LEIÐRÉTTING

Rangt var farið með nafn fyrirtækisins Jóhann Ólafsson & Co, umboðsaðila Osram, í sérblaðinu Lýsing og lampar sem fylgdi Fréttablaðinu á miðvikudag.

Í frétt um símahrekk á FM957 kom fram að móðir stúlkunnar hefði ekki viljað að hún væri á pillunni sökum þess að hún væri gjörn á að fá kynsjúkdóma. Hið rétta er að hún vildi ekki að dóttir sín væri á pillunni heldur notaði aðrar getnaðarvarnir til að sporna við kynsjúkdómum. Beðist er velvirðingar á þessum misskilningi.

New York Times birti myndina frægu af Bill Clinton á Bæjarins bestu: Borða þar sem Bill Clinton borðar

FJÓLMÍDLAR Bandaríska dagblaðið New York Times birti á mánudag frétt um matsölu-staði sem slegið hafa í gegn í kjölfar þess að Bill Clinton, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, hafi borðað þar. Meðal staðanna sem teknir eru fyrir í fréttinni er Bæjarins bestu.

Í fréttinni er minnst á matsölu-staði í Nýju-Delí, Madrid, London, Berlín, Peking, New York, Prag og Washington auk Reykjavíkur en svo virðist sem fólk víða um heim sé sérlega sölgð í að borða á stöðum sem Clinton hefur heimsótt. New York Times birtu með fréttinni myndina þekktu af Clinton og Maríu Einarsdóttur pylsusala sem Gunnar V. Andrésen ljósmyndari tók

þegar Clinton heimsótti Ísland árið 2004.

Gunnar segir það ekki gerast á hverjum degi að stórblað á borð við New York Times birti mynd eftir Íslending og segist ánægður með myndina. Um tilurð myndarinnar segir hann: „Ég man að ég hafði fylgt Clinton eftir um miðbæinn þennan dag. Þegar hann svo kom að Bæjarins bestu kallaði ég til elskulegu konunnar sem vinnur í vagninum að bjóða honum pylsu. Hún kallaði þá á móti: „Best hot dog in the world!“ Við það snarstoppaði Clinton, leit á mig og sagði í spurnartón: „Why not?“ Hann gekk síðan brosandí rակleidis að pylsuvagninum og virtist bara nokkuð sáttur með pylsuna.“

- mpl



BILL CLINTON OG MÆJA Myndin fræga af Bill Clinton og Maríu Einarsdóttur pylsusala eða Mæju eins og hún er kölluð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Íslenska merkið á áætlun

Icelandic Group ætlar að taka upp umhverfismerkið MSC sem íslensk útgerð hafnaði lengi vel. Á sama tíma er unnið að kynningu íslensks umhverfismerkis sem átti að vera séríslenskt svar við MSC.

FRÉTTASKÝRING

Hvar stendur íslenska umhverfismerkið í sjávarútvegi?

Icelandic Group tilkynnti í gær að fyrirtækið hefði hafið vottunarferli í öllum þorsk- og ýsuveiðum við Ísland samkvæmt vottunarferli Marine Stewardship Council (MSC). Icelandic Group er stærsta sjávarútvegsfyrirtæki á Íslandi og því er þetta stórt skref.

MSC var stofnað árið 1996 af Alþjóðanáttúruverndarsjóðnum (WWF) og stórfyrirtækinu Unilever. Yfirlýstur tilgangur var að bregðast við því að ríkisstjórnir heimsins hefðu brugðist í ábyrgri fiskveiðistjórnun og í samstarfi við neytendur væri ætlunin að þrýsta á úrbætur. Merkið vottar að fiskur komi frá stofnum sem nýttir séu á sjálfbærnan hátt og er þar lítið heildrænt á veiðarnar, ástand stofnsins og aðferðir við að ná aflanum.

LÍU og fjölmargir aðrir hagsmunaaðilar í sjávarútvegi hafa álfarið hafnað því að taka upp þessa vottun vegna tengsla hennar við umhverfissamtök. Í stað þess var ákveðið að þróa íslenskt umhverfismerki til að undirstrika sérstöðu íslenskra sjávarafurða og treysta orðspor þjóðarinnar sem ábyrgar fiskveiðipjóðar.

Guðný Káradóttir, forstöðumaður hjá Íslandsstofu, segir að aðilar í sjávarútvegi og markaðssetningu hafi um nokkurt skeið getað nýtt sér íslenska uppruna-merkið. Nú eru tæplega áttatíu aðilar að nýta merkið í erlendu markaðsstarfi. Auk þess að einkenna uppruna fisksins hefur verið unnið að vottun undir merkjum Iceland Responsible Fisheries.

„Áætlanir gera ráð fyrir að veiðar á þorski, sem nú eru í



vottunarferli, fáist vottaðar sem ábyrgar fyrir lok nóvember næstkomandi. Aðrir mikilvægir fiskistofnar, eins og ýsa og usfi, munu fylgja í kjölfarið.“ segir Guðný.

Vottunarferlið er unnið samkvæmt ströngustu alþjóðlegum kröfum. Kröfulýsingar eru unnar samkvæmt leiðbeiningum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) um umhverfismerkingar og vottun vegna veiða úr villtum fiskistofnum.

Guðný segir að umhverfismerkið gangi út á rekjanleika vörunnar; að um íslenskan fisk sé að ræða. „Íslenski uppruninn er það sem lögð er megináhersla á.“ Hún viðurkennir að það hafi verið gagnrýnt hversu lengi það hefur tekið að hleypa íslenska vottunarverkefninu af stokkunum en nú sjái fyrir endann á vottun á þorski. „Hins vegar stöndum við vel, orðspor íslenskra sjávarafurða er gríðarlega sterkt.“

„Icelandic Group stendur 110 prósent að baki íslenska merkinu og við munum greiða götu þess,“ segir Ingvar Eyfjörð, aðstoðarforstjóri IG, spurður hvort fyrirtækið hafi hafnað íslenska merkinu fyrir MSC. „Merkin eru bæði mikilvæg. Íslenska merkið mun vega þungt á ákveðnum mörkuðum og æ þyngra þegar til lengri tíma er lítið. En við erum sein til með íslenska merkið



FARSÆLL Á VEIÐUM Rekjanleiki leikur stórt hlutverk: að kaupandinn geti rakið uppruna fisksins til Íslands, þaðan til bilsins og jafnvel sjómannsins sem blóðgaði hann. FRÉTTABLAÐIÐ/JSE

og þetta eru annars vegar viðbrögð við því. Hins vegar er óumflýjanlegt að Ísland fari inn í MSC-vottunarferfið því nokkrir af okkar viðskiptavinum fara fram á það.“

Ingvar segir að MSC sé leiðandi í vottun á sjávarafurðum. „Þeir eru í raun allsráðandi. Þetta er stórt skref en í raun óumflýjanlegt.“

svavar@frettabladid.is

VEÐURSPÁ




Elísabet Margeisdóttir veðurfréttamaður

BÆTIR Í VIND

Næstu daga verður nokkuð stíf norðaustlæg eða norðlæg átt með kólnandi veðri. Úrkomulítið á landinu á morgun en á laugardag eru horfur á slyddu eða snjókomu um allt norðan og austanvert landið og má því búast við slæmri færð.

Á MORGUN Vaxandi A- og NA-átt.

LAUGARDAGUR 10-18 m/s.



HEIMURINN

Alicante	23°
Basel	14°
Berlín	11°
Billund	12°
Frankfurt	12°
Friedrichshafen	16°
Gautaborg	11°
Kaupmannahöfn	11°
Las Palmas	26°
London	16°
Mallorca	22°
New York	20°
Orlando	31°
Ósló	7°
París	15°
San Francisco	17°
Stokkhólmur	10°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

-10 kr.

VIÐ FYRSTU NOTKUN ÓB-LYKILSINS
SÍÐAN ALLTAF -2 kr.



ÓB-lykilhafar geta safnað Vildarpunktum Icelandair.

Sæktu um ÓB-lykilinn á www.ob.is eða í síma 515 1141

GILDIR EINGÖNGU Á GRANDA

BYKO

ELKO

KRÖNAN

OPNUM Í DAG KL 8:00 FRABÆR OPNUNARTILBOÐ

50 stykki

Ný vara

99.995

SAMSUNG
42" PLASMA sjónvarp. **PS42C435XXE**. HD stuðningur með 1024x768p upplausn. Mega Contrast í skerpu. Endurmyjunartíðni 100Hz. Tengimöguleikar: Scart, component, HDMI x 2. USB tengi fyrir minnislykka, spilar MP3, MP4, AVI, FLV, JPG og MP3. DVB-T/C móttakari.

42" HD HDMI

75 stykki

Verð áður: 14.995

9.995

PHILIPS
Kaffivél, **HD7810SVORT**. Mjög einföld í allri notkun og lagar kaffi á aðeins 30 sek. Lagar 1 eða 2 bolli í einu og slekkur sjálfvirk á sér ef hún stendur ónotuð í 60 mín.

150 stykki

Steindinn verður að árita í ELKO Grandi milli kl 11:00 og 12:30

Verð áður: 2.695

1.495

Verð áður: 13.495

7.777

100 stykki

NOKIA
GSM sími. **NOK2720**. Samlokusími með Bluetooth og innbyggðri myndavél (1,3mpix) með video. Allt að 5 tímar í tali og 432 í bíð. Fjöltóna og MP3 hringitónar. 65 þús. líta innri litaskjár og mono ytri skjár. EDGE, HSCDS, MMS, GPRS. FM útlarp og margt fleira.

60 stykki

Verð áður: 1.495

777

KÖNIG
Nuddtæki, HCMC10. Lítið og einfalt tæki með þremur mjúkum nuddfötum. Öflugt tæki sem kemst alls staðar að.

Verð áður: 12.995

4.995

Logic3
Stýri með pedölum, PSU448. Fyrir PS3, PS2 og PC. 25,5 cm stýri með gúmmigripi, pedali.

50 stykki

Verð áður: 7.895

5.555

Canon
Bleksprautuprentari, **IP2700**. Mjög einfaldur prentari sem tengist við tölvu með USB, upplausn 4800x1200 dpi.

0% VEXTIR
SJA NÁNAR Á WWW.ELKO.IS

ELKO

EINFALDEGA LÆGRA VERÐ

Grandi - Fiskislóð 15 - 101 Reykjavík

Almennar upplýsingar 544 4000 - Blaðið gildir 28.-31. október

Opið: Mán-fös: 08:00-19:00 - Lau: 10:00-18:00 - Sun: 11:00-17:00



Vilt þú að sett verði upp víkingaþorp í Engey?

Já	49,5%
Nei	50,5%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Hefur þú neytt fæðubótarefna?

Segðu skoðun þína á vísiris



Skipulagsbreytingar og uppsagnir hjá Símanum vegna efnahagsástandsins:

Síminn segir 29 upp störfum

VINNUMARKAÐUR Síminn sagði í gær upp 29 starfsmönnum. Uppsagnirnar eru hluti af skipulagsbreytingum hjá fyrirtækinu, segir Margrét Stefánsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans.

„Við erum að sníða fyrirtækið að breyttum aðstæðum,“ segir Margrét.

Hún segir efnahagsástandið koma við Símann einn og önnur fyrirtæki, einkaneysla hafi dregist saman og fá teikn á lofti um að það sé að breytast. Sömuleiðis hafi markaðshlutdeild fyrirtækisins



UPPSAGNIR Starfsmönnum var tilkynnt um skipulagsbreytingarnar á fundi í hádeginu í gær.

dregist saman og þar með tekjurnar.

Starfsmenn Símans verða 597

eftir uppsagnirnar, en voru áður 626 talsins. Margrét segir að ekki verði gerð krafa um að starfsmennirnir vinni út uppsagnarfrestinn. Starfsmennirnir sem sagt var upp störfuðu á ýmsum sviðum fyrirtækisins.

Samhliða uppsögnunum verður markaðssvið Símans lagt niður og starfsemi þess, þar með talið markaðsdeildin, færð undir önnur svið, segir Margrét.

Lögð er áhersla á að breytingarnar hafi ekki áhrif á þjónustu við viðskiptavinum.

Heildarinnflutningur minni:

Meira flutt inn af nautakjöti

VIÐSKIPTI Innflutningur á nautakjöti hefur aukist umtalsvert milli ára, um 27 prósent. Á fyrstu átta mánuðum ársins voru flutt inn 95 tonn af kjöti en á sama tímabili í fyrra nam innflutningur 74 tonnum. Þetta kemur fram á vef Landssambands kúabænda.

Heildarinnflutningur á kjöti hefur hins vegar dregist saman um tvö prósent frá árinu 2009. Enn er langmest flutt inn af alifuglakjöti, sem nemur 52 prósentum alls kjötinnflutnings. Hlutfall nautakjöts er 23 prósent.

Verkefni framundan

Allir velkomnir á opinn fund Samfylkingarinnar á Grand Hótel kl. 20 í kvöld, fimmtudagskvöld.

Á fundinum verða stutt ávörp og góður tími gefinn til umræðna. Komið og takið þátt í líflægum skoðanaskiptum.



Frummælendur:
Jóhanna Sigurðardóttir
Össur Skarphéðinsson

Fundarstjóri:
Kjartan Valgarðsson

Þingmenn Samfylkingarinnar í Reykjavík þakka borgarbúum góðar móttökur á vinnustaðafundum í kjördæmavikunni.



www.xs.is

Helgartilboð!

50%
afsláttur



„Estelle“ bastsófasett

Listaverð kr. 299.900,-

Helgartilboð kr. 149.950,-

Signature
... húsgögn

Opíð:

Má. - Fö. 12 - 18 - Lau. 12 - 16 - Sun. 13 - 16

Kauptúni 3 • 210 Garðabær • S 771 3800 • www.signature.is



ASKA YFIR ÖLLU Björgunarfólk leitar í nágrenni eldfjallsins Merapi.

NORDICPHOTOS/APP

Leit að fólki á tveimur hamfarasvæðum

Eldgos og flóðbylgja á Indónesíu hafa kostað að minnsta kosti þrjú hundruð manns lífið. Að auki er að minnsta kosti 400 manns saknað. Eldfjallið er enn óútreiknanlegt, en sumir íbúanna í hlíðum þess hafa samt snúið heim aftur.

INDÓNESÍA, AP Síðdegis í gær var vitað um rúmlega 270 manns sem látist höfðu af völdum flóðbylgjunnar sem lenti á Indónesíu. Eldgosið, sem hófst á þriðjudag annars staðar í eyjaklasanum, hafði kostað um þrjátíu manns lífið.

Susilo Bambang Yudhoyono, forseti Indónesíu, flýtti sér heim frá Víetnam, þar sem hann var í opinberri heimsókn.

Í gær tókst loks að lenda þyrlum með hjálpargögn á Mentawai-eyjum, þar sem mikið tjón varð af völdum flóðbylgjunnar aðfaranótt þriðjudags. Flóðbylgjunni var hrundið af stað af jarðskjálfta, sem mældist 7,2 stig, og varð skammt undan strönd Súmöttru, sem er ein af stærstu eyjum Indónesíu.

Á þriðjudaginn, aðeins fáeinum klukkustundum eftir jarðskjálftann, hófst síðan gosið í eldfjallinu Merapi á eyjunni Jövu. Ekki er þó talið að jarðskjálftinn tengist eldgosinu neitt, enda er langt á milli.

Vísindamenn höfðu hins vegar varað við gosinu fyrir fram og íbúar í hlíðum fjallsins höfðu verið fluttir burt. Nokkuð létti á þrýstingi í fjallinu eftir að gosið hófst, en enn er þó hættu á að

mikið sprengigöng hefst sem gæti valdið miklu tjóni.

Meðal þeirra sem fundust látnir í hlíðum fjallsins var Maridjan, aldraður maður sem hefur gegnt því hlutverki að gæta anda fjallsins. Hann hefur stjórnað helgiathöfnum sem felast í því að kasta hrísgrjónum og blómum niður í gíg fjallsins í því skyni að friða andana. Hann neitaði að yfirgefa svæðið þegar það var rýmt, og sagðist vera fastbundinn þessu starfi sínu og geta því hvergi farið.

Nafn fjallsins, Merapi, þýðir „eldfjall“ á íslensku. Þetta er eitt virkasta eldfjall heims og hefur gosið margt síðustu tvær aldirnar, síðast árið 2006. Árið 1994 kostaði gos úr fjallinu 60 manns lífið en árið 1930 létust nærri 1.300 manns vegna hamfaranna í fjallinu.

Á Indónesíu eru nærri 130 virk eldfjöll, sem grannt er fylgst með.

Meira en ellefu þúsund manns búa í hlíðum fjallsins. Flestir þeirra höfðu verið fluttir á öruggari slóðir, en í gær voru margir þeirra á leiðinni til baka til að huga að eignum sínum, þrátt fyrir að hættan hafi engan veginn verið liðin hjá.

gudsteinn@frettabladid.is

Hamfarir í Indónesíu

Eldgos í fjallinu Merapi á eyjunni Jövu hófst stuttu eftir harðan jarðskjálfta úti af strönd Súmöttru sem hratt af stað stóri flóðbylgju

Mentawai-eyjar, 25. október: Þrjú metra há flóðbylgja eyddi að minnsta kosti sex afskekktum þorpum og kostaði nokkur hundruð manns lífið.



Merapi, 26. október: Eldgos hófst með drunum og óskúfalli. Fjögur héruð rýmd. Bojolali, Klaten, Sleman, Jogjakarta, Magelang, JAVA, Indlandshaf.

Heimild: OCHA © Graphic news

Kona í gæsluvarðhald vegna fjölmargra þjófnaðarbrota:

Ók bíl inn á hárgreiðslustofu

DÓMSMÁL Kona hefur verið úrskurðuð í gæsluvarðhald til 19. nóvember. Hún er grunuð um fjölmörg brot, þar á meðal að hafa ekið bíl inn um glugga á hárgreiðslustofu, þar sem hún síðan stal fjármunum og snyrtivörum.

Ofangreint atvik átti sér stað í síðasta mánuði. Konan er grunuð um að hafa stolið um fjögur þúsund krónum úr peningakassa hárgreiðslustofunnar, svo og snyrtivörum fyrir rúmlega tuttugu þúsund krónum.

Í skýrslutökum hjá lögreglu viðurkendi konan að hafa farið

inn á hárgreiðslustofuna, en kvaðst muna lítið eftir því sökum ölvunar. Hún kvaðst einungis hafa tekið þaðan einn brúsa af hársápu.

Hún sagðist neyta morfíns daglega og hafa gert það í rúm tuttugu ár, með hléum þó. Þá kvaðst hún vera hjartveik og HIV-smituð.

Auk þessa er konan grunuð um fimmtán önnur brot frá því í byrjun júní og fram til 1. október á þessu ári. Er þar aðallega um að ræða innbrot, þjófnaði og eignaspjöll.

Konan hefur fengið þrjá fangelsisdóma. Í júlí var hún svo enn ákærð fyrir fjölmörg brot.



HANDTEKIN Handtökuskipun var gefin út á konuna þegar hún mætti ekki fyrir dómi.

Dior

ROUGE DIOR

HAUTE COULEUR. VOLUPTUOUS CARE.

Monica Bellucci by Tyen

Dior kynning í Hagkaup 28. Október – 3. Nóvember.

Kringlunni, Smáralind, Skeifunni, Holtagörðum og á Akureyri.

Vertu velkomin og kynntu þér nýju Rouge Dior varalítnuna ásamt nýja Diorskin Nude Creme Gel farðanum. Sérfræðingar verða á staðnum og veita þér ráðgjöf um litaval og val á kremum fyrir þína húðtegund.

Gjöf* fylgir kaupum þegar keyptir eru 2 eða fleiri hlutir í Dior.

* Gildir meðan birgðir endast



HAGKAUP
Ein ferð betra verð



1 Í hvaða kvikmynd, sem verið er að kvikmynda, mun Einar Aðalsteinsson dansa vals?

2 Hvaða íslenska fyrirtæki hefur sótt um vottun hjá Marine Stewardship Council?

3 Hver er helsti málsvari Teboðshreyfingarinnar í Bandaríkjunum?

SVÖR

3. Sarah Palin

1. Sherlock Holmes 2. Z. Icelandic Group

Skólastjóri Hraðbrautar sendir alþingismönnum bréf vegna nemendafjölda:

Ranghugmyndir um starfið

MENNTAMÁL Ólafur Johnson, skólastjóri Hraðbrautar, skrifaði alþingismönnum bréf síðastliðinn föstudag þess efnis að ranghugmyndir væru meðal þingmanna um að Hraðbraut hafi gefið upp rangan fjölda nemenda til mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Hann fullyrðir í bréfinu að ekkert slíkt hafi nokkru sinni gerst.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið lét gera úttekt á ársreikningum Hraðbrautar í haust og komst Ríkisendurskoðun að þeirri niðurstöðu að ekkert saknæmt athæfi hafi átt sér stað. Hins vegar kemur

fram að skólinn hafi fengið ofgreitt frá ráðuneytinu um tiltekið árabíl og liggja skýringar á því fyrir. Ólafur segir þó að allir útreikningar á uppgjöri ráðuneytisins og skólans fyrir árin 2004 til 2009 séu rangir og þar með sé talinn útreikningur Ríkisendurskoðunar. Hann hyggst þó ekki grípa til aðgerða.

„Skólinn og ráðuneytið eru sam-mála um þessa niðurstöðu og það er það sem skiptir höfuðmáli,“ segir hann. „En við erum nú búin að bjóðast til þess að fara niður fyrir þær lágmarksgreiðslur frá ríkinu sem tókast alls staðar á landinu. Þetta



ÓLAFUR JOHNSON Skólastjóri Hraðbrautar segir nemendur aldrei hafa verið fleiri en í ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

er hagkvæmasti framhaldsskóli landsins fyrir ríkið.“ Ólafur segir að skólastarf gangi vonum framár og aldrei hafi verið fleiri nemendur en í ár.

- sv

Lögreflugfélag mótmælir:

Óttast uppsagnir starfsmanna

LÖGGÆSLA Félagsfundur Lögreflugfélags Vestfjarða, sem haldinn var fyrr í vikunni hefur mótmælt harðlega boðuðum niðurskurði hjá lögrefluembættum.

Fundurinn minnr á að niðurskurður sem varð á fjárlagaárinu 2010 olli því að ein staða forvarnafulltrúa við embætti lögreflugstjórans á Vestfjörðum var lögð niður. Auk þessa muni, að óbreyttu, verða lagðar niður tvær stöður lögreflugmanna um næstu áramót vegna niðurskurðar-áforma á árinu 2011.

- js

Auglýsing um álagningu opinberra gjalda á lögaðila árið 2010

Álagningu opinberra gjalda á árinu 2010 er lokið á alla lögaðila sem skattskyldir eru samkvæmt I. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, og aðra sem lagt er á í samræmi við VIII. – XIV. kafla tilvitnaðra laga. Jafnframt er álagningu lokið á lögaðila, sem skattskyldir eru af fjármagnstekjum samkvæmt ákvæði 4. mgr. 71. gr. laganna.

Álagningarskrár, sem sýna álagða skatta á lögaðila í viðkomandi sveitarfélagi, liggja frammi á skattstofum eða á sérstaklega auglýstum stöðum dagana 28. október til 11. nóvember að báðum dögum meðtöldum.

Álagningarseðlar eru nú aðgengilegir á þjónustuvef ríkisskattstjóra á www.rsk.is og www.skattur.is.

Kærufræsti vegna álagningar þeirra gjalda, sem hér um ræðir, lýkur mánudaginn 29. nóvember 2010.

Álagningarskrár eru lagðar fram samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 98. gr. framangreindra laga.

28. október 2010



RÍKISSKATTSTJÓRI



LARS LØKKE RASMUSSEN OG HAMID KARZAI Forsætisráðherra Danmerkur, landsminnstu spillingarinnar, heimsótti fyrr á árinu Afganistan, sem lenti í þriðja neðsta sæti á listanum.

NORDICPHOTOS/AFP

Spillingarlisti Transparency International birtur:

Ísland aldrei mælst neðar á listanum

Ísland er fallið niður í ellefta sæti á lista alþjóðasamtakanna Transparency International, sem mæla spillingu í opinbera geiranum.

Ísland hefur ekki áður mælst neðar á listanum, en fyrir hrún var Ísland jafnan í efstu sætunum og iðulega í því fyrsta.

Minnst spilling mælist nú í Danmörku, Nýja-Sjálandi, Singapúr, Finnlandi og Svíþjóð. Þessi fimm ríki fá meira en níu í einkunn á þeim kvarða, sem samtökin notast við.

Spilltustu löndin á listanum í ár eru, í þessari röð neðan frá:

Sómalía, Búrma, Afganistan og Írak.

Aðferð fyrirtækisins við að mæla spillingu er að láta gera fyrir sig skoðanakannanir í hverju landi, þar sem fólk er spurt hvort það telji spillingu fyrirfinnast í landinu. Samtökin segja þetta áreiðanlegustu mælinguna sem til er, þar sem erfitt sé að mæla spillingu með tölfræðilegum útreikningum.

Samtökin skilgreina spillingu þannig að hún sé misnotkun valds, sem einstaklingum í opinberum störfum er trúað fyrir, í eiginhagsmunaskyni.

- gb

Fjármagnstekjuskattur

Tímabilið 1. júlí - 30. september



■ 18% staðgreiðsla

Frá 1. janúar 2010 ber bönkum og öðrum fjármálastofnunum að reikna og halda eftir 18% staðgreiðslu af vaxtatekjum og innlestum gengishagnaði ársfjórðungslega. Sama gildir um arð sem greiddur er til eigenda af eignarhlutum í félögum.

Athygli er vakin á breyttum reglum um skattalega meðferð á úthlutuðum arði sem fer umfram 20% af skattalegu bókfærðu eigin fé viðkomandi félags í lok viðmiðunartímans til þeirra sem skylt er að reikna sér endurgjald vegna starfa í þágu félagsins.

■ Rafræn skil á fjármagnstekjuskatti

Nú er hægt að gera skil á fjármagnstekjuskatti á rafrænan hátt.

Farið er á þjónustusíðu ríkisskattstjóra, skattur.is, með kennitölu og aðallykli eða skilalykli. Síðan er valið **vefskil > staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts** og opnast þá form útfyllingar. Fylgja þarf leiðbeiningum til enda og verður þá til krafa í heimabanka gjaldanda. Hafi ekki verið um að ræða neinar skattskyldar greiðslur arðs og vaxtatekna á tímabilinu skal gera grein fyrir því.

■ Gjald dagar

Fjármagnstekjuskattur er 18% frá 1. janúar 2010. Gjald dagar afdreginnar staðgreiðslu eru 20. apríl, 20. júlí og 20. október 2010 og 20. janúar 2011. Eindagi er 15 dögum síðar.

Gjald daga afdreginnar staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts á þriðja ársfjórðungi 2010 er 20. okt. en eindagi er 4. nóv.



RÍKISSKATTSTJÓRI

Opið 11-21

Bláa bomban og
náttfatadagar

Bláa bomban

VERÐSPRENGJA!

20%

VIÐBÓTARAFSLÁTTUR
af allri útsöluvöru*

*Gildir ekki af tilboði á náttfatadögum
Gildir út mánudag

Náttfata-
dagar

20%

afsláttur af
barna, dömu og herra
náttfötum

Gildir út miðvikudag

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI



RANI OTAR RANANUM Þessi fimmtán ára fill, sem er í eigu hindúahofs í Ahmedabad á Indlandi, heitir Rani, þótt merking orðsins á mállýsku þarlandra sé vafalaust allt önnur en merking íslenska orðsins.

NORDICPHOTOS/AFP

Upplag Símaskrárinnar hefur dregist saman um fjórðung síðastliðin fimm ár:

150 þúsund eintök prentuð

VIÐSKIPTI Upplag Símaskrárinnar hefur dregist saman um 25 prósent á síðastliðnum fimm árum. Mest var prentað af skránni árið 2005, eða tvö hundruð þúsund eintök. Símaskráin kemur út í maí á næsta ári í 150 þúsund eintökum. Þetta er ein umfangsmesta bókaútgáfa landsins.

Sigríður Margrét Oddsdóttir, framkvæmdastjóri Já, sem gefur Símaskrána út, segir aukna netnotkun ástæðu þess að færri noti prentuðu útgáfu Símaskrárinnar við upplýsingaleit en áður. „Vefurinn er fyrsta val neytenda. Á móti

hefur hann vaxið margfalt á þessu fimm ára tímabili,“ segir hún en bendir á að í Símaskránni megi finna mikinn fjölda upplýsinga sem ekki sé að finna á vefnum, svo sem um allar menningar- og bæjarhátíðir sem haldnar eru í landinu, upplýsingar um almannavarnir og fleira til. Sú nýbreytni var tekin upp fyrir tveimur árum að láta myndasögu Hugleiks Dagssonar prýða Símaskrána. Eins og fram hefur komið mun Egill „Gillzenegger“ Einarsson vinna með næstu útgáfu. Hugmyndavinna er í gangi um það hvernig hann setur mark



MEÐHÖFUNDUR Verk Egils Einarssonar líkamsræktarfrömuðar mun prýða næstu Símaskrá. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sex mánaða fangelsi:

Ruddist inn á heimili í Eyjum

DÓMSMÁL Karlmaður á fertugsaldri hefur verið dæmdur í sex mánaða fangelsi fyrir húsbrott, hótanir og líkamsárás. Einnig var hann dæmdur til að greiða um 50 þúsund krónur í skaðabætur.

Maðurinn ruddist inn á heimili í Vestmannaeyjum. Hann veittist að starfsmanni barnaverndarnefndar. Skömmu síðar veittist maðurinn að öðrum manni með líflátshótunum og kýldi hann tvívegis í andlit. Þá olli árásarmaðurinn skemmdum á húseign í bænum. -jss

10 ára gömul verð!

Eld Smiðjan

562 3838

Bragagata 38a Laugavegur 81
Suðurlandsbraut 12 18.-31. október

GLEÐIR EKKI UM DRYKKI OG HEIMSENDINGU

STOFJA 53

Gefur lítið fyrir rökstuðning

Rökstuðningur ráðherra fyrir því að skipa fyrrverandi aðstoðarmann sjávarútvegsráðherra í starf í því ráðuneyti eru eftirárök segir einn umsækjenda. Íhugar að skjóta málinu til umboðsmanns Alþingis.

STJÓRNSÝSLA Einn umsækjenda um starf skrifstofustjóra auðlindaskrifstofu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins gefur lítið fyrir rökstuðning dómsmálaráðherra fyrir ráðningu fyrrum aðstoðarmanns ráðherra í starfið.

„Mér finnst þessi rökstuðningur ekki merkilegur, og augljóst að þetta eru eftirárök,“ segir Geir Oddsson auðlindafræðingur.

Þrettán sóttu um starfið, og var Jóhann Guðmundsson, fyrrverandi pólitískur aðstoðarmaður Jóns Bjarnasonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, meðal umsækjenda. Vegna þessa var Jón vanhæfur til að skipa í stöðuna og Ögmundi Jónassyni dómsmálaráðherra falið það hlutverk. Hann taldi Jóhann hæfastan og skipaði hann í stöðuna, sem er tímabundin til tveggja ára.

Geir fór fram á rökstuðning ráðherrans fyrir því að hæfasti maðurinn hefði verið ráðinn til starfans. Í svari frá dómsmálaráðuneytinu, sem sent er fyrir hönd ráðherra, kemur fram að þrjú umsækjendur hafi verið metnir hæfastir, og þeir kallaðir til viðtals. Jóhann og Geir voru báðir í þeim hópi.

Í rökstuðningnum segir meðal annars að Jóhann hafi það umfram aðra umsækjendur að þekkja til starfa Stjórnarráðsins og starfa

skrifstofustjóra innan þess. Þá þekki hann til starfa auðlindaskrifstofu ráðuneytisins.


Þar segir enn fremur að það þyki styðja þá ákvörðun að ráða Jóhann að hann þekki starfsemi ráðuneytisins og geti því hafið störf af fullum krafti „innan skamms“.

Geir gerir athugasemdir við þennan rökstuðning og íhugar nú að leita til umboðsmanns Alþingis vegna málsins. Hann segir það til dæmis stinga í stúf að því sé haldið til haga að Jóhann geti sett sig hratt inn í starfið, þegar ráðningarfærlið hafi tekið hátt í þrjú mánuði. Þetta fari ekki saman. Ef legið hafi á að skipa í stöðuna hefði ferlinu verið hraðað.

Þá gerir Geir alvarlegar athugasemdir við að reynsla Jóhanns af sjávarútvegs málum sé metin samþærileg við aðra umsækjendur. Jóhann hafi innan við tveggja ára reynslu af sjávarútvegs málum, en sjálfur hafi hann 23 ára reynslu af sjávarútvegi og fiskveiðistjórnun. Reynslan sé því ekki samanburðarhæf, og sama megi örugglega segja um aðra umsækjendur.

„Það er erfitt að sjá annað en að einhvers konar pólitík hafi blandast inn í málið, sama hvað menn segja,“ segir Geir. „Miðað við það sem hefur verið að gerast hér á landi undanfarin misseri kom þetta mér á óvart.“

brjann@frettabladid.is



JÓN VAR VANHÆFUR Ögmundur Jónasson skipaði í starf skrifstofustjóra sjávarútvegsráðuneytisins þar sem Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra var vanhæfur í málinu. Geir Oddsson auðlindafræðingur íhugar að skjóta málinu til Umboðsmanns Alþingis.

Þjóðarspejillinn 2010

Rannsóknir í félagsvísindum XI

Opnir fyrirlestrar

Allir velkomnir - Aðgangur ókeypis

Föstudaginn 29. október 2010
kl. 9-17 í Odda, Gimli, Háskólatorgi og Lögbergi

- Félags- og mannvísindadeild
- Félagsráðgjafardeild
- Hagfræðideild
- Lagadeild
- Stjórn málafræðideild
- Viðskiptafræðideild

Nánari upplýsingar um dagskrána á www.thjodarspejillinn.hi.is

Háskóli Íslands

KIA www.kia.is

SÍÐUSTU BÍLARNIR Á FRÁBÆRU VERÐI!

Eigum takmarkað magn beinskiptra dísilbíla, 125 hestöfl, á aðeins kr. 2.497.000 með vsk. eða 1.989.600 án vsk. Nánari upplýsingar í síma 590 5706/825 5706 eða í tölvupósti (kb@kia.is).

K2900

ASKJA | Krókhálsi 11 | 110 Reykjavík | Sími 590 2100

VÍSIR.IS

„...ég sá það á vísi“

Sló lögreglumann í bringuna:
Neitaði að fara úr lögreglubíl

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært konu á fertugsaldri fyrir brot gegn lögreglulögum og valdstjórninni. Konunni er gefið að sök að hafa neitað að fara út úr lögreglubífi sem hún hafði farið inn í, í leyfisleysi, við Smiðjustíg í Reykjavík í mars síðastliðnum. Þá er hún ákærð fyrir að hafa skömmu síðar slegið lögreglumann með krepptum hnefa í bringuna. Lögreglu maðurinn var við skyldustörf á staðnum. Konan neitaði sök í málinu við þingfestingu þess. - jss

Evrópusambandið hefur samþykkt að taka við aðildarumsókn Serbíu:

Aðildin gæti strandað á Mladic og Hadzic

SERBÍA Ráðamenn í Serbíu hafa fagnað ákvörðun ráðherraráðs Evrópusambandsins um að hefja fyrsta stig undirbúnings aðildarviðræðna við Serbíu. Dragan Sutanovic, utanríkisráðherra Serbíu, sagði að nú geti ekkert lengur komið í veg fyrir aðild Serbíu að ESB. Ráð utanríkisráðherra ESB ákvað á mánudag að biðja framkvæmdastjórn ESB um álit þeirra á aðildarumsókn Serbíu. Stefan Füle, stækkunarstjóri ESB, segir að Serbía þurfi þó að gera ýmsar umbætur áður en af aðild geti orðið.

Utanríkisráðherrar ESB tóku sérstaklega fram að Serbía þurfi að sýna stríðsglæpadómstólnum í Haag fulla samvinnu við að hafa uppi á þeim Ratko Mladic og Goran Hadzic, tveimur grunuðum stríðsglæpamönnum sem enn leika lausum hala. Aðildarríki Evrópusambandsins leggja misjafnlega mikla áherslu á þetta mál. Þannig sagði fulltrúi Hollandsstjórnar að Serbía verði að sannfæra öll 27 aðildarríkin um heilindi sín í þessu máli. - gb



VEGGJAKROT Í BELGRAD „Mladic til Haag“ stendur á þessum vegg í Belgrad. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



FORSTJÓRINN Jón Sigurðsson, forstjóri stoðtækjafyrirtækisins Össurar, sýnir framleiðslu fyrirtækisins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Dregur úr hagnaði Össurar:
Norrænir bankar eru sáttir

VIÐSKIPTI Stoðtækjafyrirtækið Össur hagnaðist um fjórar milljónir dala, jafnvirði 446 milljóna króna, á þriðja ársfjórðungi. Þetta er einni milljón dala minna en á sama tíma í fyrra. Sala nam 87 milljónum dala á tímabilinu og er það sjö prósentu aukningin í staðbundinni mynt. Hún var þremur milljónum minni í fyrra. Þá jókst rekstrarhagnaður um 22 prósent. Erlendir greiningaraðilar voru almennt sammála um að uppgjörið væri almennt gott. Þar af mælti norræni risabankinn með því að fjárfestar héldu í bréf sín í stað þess að selja þau. Óvíst er hins vegar hvort fjárfestar deili sömu skoðun, en gengi hlutabréfa Össurar hefur fallið um rúm þrjú prósent frá því uppgjörið var birt. - jab

Dekkjaþjófur handtekinn:
Beitti felgulykli gegn lögreglu

LÖGREGLUMÁL Karlmaður á fertugsaldri var handtekinn í Kópavogi þar sem hann var að reyna að stela dekkjum undan bifreið í bænum. Tilkynning um grunsamlegar mannaferðir barst lögreglu á fjórða tímanum og héldu lögreglumenn þegar á vettvang. Sá óprúttni reyndi að komast undan á tveimur jafnfljótum en var hlaupinn uppi af lögreglumönnum. Þjófurinn var ekkert á því að gefast upp og beitti felgulykli til að reyna að forðast handtöku. Það hafði ekkert að segja og var maðurinn yfirbugaður fljótt og örugglega og síðan færður í fangageymslu. - jss



Kynntu þér notkun og kosti metaneldsneytis á metan.is.

Metanlán

Landsbankinn býður nú hagstæð yfirdráttarlán til þeirra sem vilja breyta bílnum og skipta yfir í umhverfisvænna og ódýrara eldsneyti. Í boði er lán með hagstæðari vaxtakjörum en hefðbundið yfirdráttarlán og er lánstími til allt að 48 mánaða.

Metaneldsneyti hefur verið notað til að knýja bíla hér á landi í áratug og reynslan verið góð. Hægt er að uppfæra allar gerðir bensínbíla með beinni innspýtingu og margar gerðir dísilbíla. Ávinningurinn er margþættur:

- Umhverfisvænna eldsneyti
- 40-45% lægri eldsneytiskostnaður
- Minni hávaði frá vél
- Sömu þægindi í akstri
- Innlent eldsneyti
- Gjaldeyrissparnaður
- Græn atvinnustarfsemi
- Aukið orkuöryggi

Landsbankinn vill með þessu leggja sitt af mörkum til samfélagsins og komandi kynslóða.

Nánari upplýsingar á landsbankinn.is eða í næsta útibúi.

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.



METANLÁN | landsbankinn.is | 410 4000



Rakarastofan Klapparstíg
FUDGE IMAGE
Klapparstíg 29 • Sími 551 3010

Hárgreiddslustofan Klapparstíg
FUDGE IMAGE

FRÉTTASKÝRING: Hvað gerist í brennheitum þotuhreyfli þegar inn í hann berst gosaska?

Öskuglerið flagnar af við kólnun

Ný íslensk rannsókn sýnir hvernig gosaska verður að gleri í hita flugvélahreyfla, en flagnar síðan af þegar glerið dregst saman við kólnun. Ferlið varpar nýju ljósi á hvað gerðist þegar drapst á öllum fjórum hreyflum Boeing 747 þotu yfir Jövu árið 1982.

Nýjar rannsóknir sem Nýsköpunarmiðstöð Íslands kynnti í gær varpa nýju ljósi á þá atburðarás sem á sér stað þegar gosaska berst í þotuhreyfil. Niðurstaðan varpar meðal annars ljósi á það af hverju kviknaði aftur á hreyflum Boeing 747 farþegaþotu sem flaug í gegnum öskuský yfir Jövu í júní 1982.

Um er að ræða fyrstu staðprófun á áhrifum íslensku gosöskunnar sem fram fer í heiminum. „Ég var staddur í Kaupmannahöfn í öskustoppinu í apríl og var þar fastur í fimm daga,“ segir Þorsteinn I. Sigfússon, forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar. Þar segist hann hafa fengið hugmyndina að rannsókninni.

Fyrsta skref frekari rannsókna

„En hugmyndin fólst í því að taka hluta úr flugvélahreyfli, svokallaða leiðiskóflu, eða nozzle guide vane, og framkalla þær aðstæður sem yrðu í raun og veru,“ segir Þorsteinn og kveður rannsókna á áhrifum gosösku á flugvélahreyfla hafi legið vel fyrir Nýsköpunarmiðstöð, því hún hafi annast margvíslegar aðrar rannsóknir á áhrifum umhverfisins á vélarluta. „Til dæmis hvernig sandur sem berst með ám skemmir hverfla hjá Landsvirkjun og svo höfum við verið að skoða áhrifin sem jarðhitagas hefur á rör og leiðslur í slíkum virkjunum.“

Þorsteinn kynnti niðurstöður rannsóknarinnar á blaðamannafundi í gær með vísindamönnum Ara Trausta Guðmundssyni og Ingólfi Þorbjörnssyni, en þær voru jafnframt afhentar Péttri Maaack flugmálastjóra. Fram kom á fundinum að skýrslan sem þá var kynnt væri bara fyrsta skrefið í frekari rannsókna á áhrifum íslenskrar ösku á flugvélahreyfla.

Í tilrauninni var safnað ösku í nágrenni Eyjafjallajökuls, hún sigtuð og minnsta kornastærð aðgreind. „Kornastærðin við tilraunirnar varð að vera minni en 57 míkrómetrar eða 57 milljónustu hlutar úr metra,“ segir Þorsteinn.

Síðan voru leiðiskóflurnar, sem



Á KYNNINGU Í GÆR Ari Trausti Guðmundsson jarðvísindamaður sýnir fína ösku úr Eyjafjallajökli sem notuð var í nýrri rannsókn á áhrifum hennar á flugvélahreyfla. Honum á hægri hönd sitja Þorsteinn I. Sigfússon og Ingólfr Þorbjörnsson.

komu frá þremur framleiðendum flugvélahreyfla hitaðar í gasloga, allt upp í 1.600°C sem mun vera algengur hiti í hreyflum. Ösku var svo dreift á skóflurnar, bæði með og án þrýstilofts.

Fram kom í máli Ara Trausta Guðmundssonar jarðvísindamanna á fundinum í gær að askan væri í raun glersallí, með snefilefnum, og því hafi hún bráðnað í hitanum og þakið málmstykkin.

Hefur áhrif á hönnun flugvéla

Síðan var fylgst með kólnuninni og hún kvikmynduð um leið. „Við um það bil 600°C byrjaði glerkennd húðin að flagna af málmnum og innan fárra mínútna voru stykkir án ösku og hafði þunn himna sem þau eru varin með fylgt með öskuskáninni. Skýringin er sú að á hitastigsbilinu 730 til 600 stig verða formbreytingar á glerskáninni; hún dregst saman, missir samloðun við málminn og flagnar af,“ segir í lýsingu Nýsköpunarmiðstöðvar á tilrauninni. Um leið voru mældir eiginleikar fasabreytinga í öskunni.

Ummyndunin sem verður til þess að öskuglerið flagnar af málm

hreyfilsins þegar hann kólnar er því hugsanlega sögð skýra hvers vegna tókst að koma hreyflum Boeing-þotunnar, sem lenti í vandræðum árið 1982, aftur í gang.


Þorsteinn segir næstu skref felast í því að kanna fleiri túrbínuhluta með sama hætti, auk þess sem gerðar verði sams konar tilraunir með sand af Arabíuskaga og úr Sahara. „Þessi hegðun aðskotakorna í þotuhreyflum varðar miklu um viðbrögð við hættu í flugumferð af völdum eldgosa og sandfoks,“ segir hann og fagnar því að með þessum hætti hafi mátt sýna umheiminum íslenskt hugvit að verki, við að bregðast við vát sem uppruna sinn átti hér á landi.

Þorsteinn segist búast við töluverðum áhuga flugfélaga og flugvélaframleiðenda á niðurstöðum Nýsköpunarmiðstöðvar, en brugðist verði við beiðnum um upplýsingar í samráði og samvinnu við Flugmálastjórn.

Þorsteinn segir að jafnvel megi við því búast að framleiðendur flugvélahreyfla endurskoði, í ljósi niðurstaðna nýju rannsóknarinnar, hvernig háttað er hönnun kælíbúnaðar hreyflanna.

Þá segir Þorsteinn mikilvægt fyrir Ísland að gera sig með þessum hætti gildandi í rannsóknum sem séu að fara af stað á vettvangi Evrópusambandsins á áhrifum eldgosa á flugiðnaði í kjölfar gossins í Eyjafjallajökli.

Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is



ÚR NÝRRI SKÝRSLU NÝSKÖPUNARMIDSTÖÐVAR Hér má sjá hluta af svokallaðri leiðiskóflu (e. nozzle guide vane) úr þotuhreyfli sem fengið hefur á sig öskuglerung. Myndirnar sýna um 12 mínútna kælingu. Efst til vinstri er hitinn um 880°C, á efstu mynd til hægri er hann um 760°C og á neðstu mynd til vinstri hefur hitinn fallið í um 650°C. Vel má sjá öskuglerið sem myndast á skóflunni. Á myndinni neðst til hægri hefur liðið um tugur mínútna og sést hvernig öskuglerið hefur flagnað af.

MYND/NÝSKÖPUNARMIDSTÖÐ ÍSLANDS

Vissu ekki hvað var að gerast



ERIC MOODY

„Við höfðum ekki hugmynd um hvað var að gerast. Það drapst bara á hreyflunum,“ sagði Eric Moody, flugstjóri Boeing 747 farþegaþotunnar sem flaug í gegnum öskuský yfir Jövu, 24. júní 1982, í viðtali við Fréttablaðið á flugráðstefnu sem Keilir stóð fyrir um miðjan september. Flogið var að næturlagi og því sást ekki til öskuskýsins. „Við vissum ekki orsökina fyrr en tveimur dögum eftir að við vorum lent.“

247 farþegar voru í vélinni og 16 í áhöfn og máttu allir innanborðs ganga í gegnum nagandi óvissu um afdrif sín þar 16 mínútur sem liðu frá því að drepað tók á hreyflum vélarinnar, þar til tókst að koma þeim í gang á ný. Sjálfur sagðist Moody hafa haft of mikið að gera við að fljúga vélinni til þess að finna sjálfur fyrir hræðslu.

Nú hefur ný rannsókn Nýsköpunarmiðstöðvar varpað ljósi á hvernig aska bráðnar í hita hreyflanna og verður að gleri sem stöðvar þá, en flagnar síðan af á ný þegar hreyflarnir kólna.

Hagnýtt gildi fyrst og fremst

„Fyrst og fremst er þarna verið að afla almennrar þekkingar sem getur haft gildi fyrir flugumferð í heiminum,“ segir Ólöf Yrr Atladóttir ferðamálastjóri um gildi rannsóknar á borð við þá sem Nýsköpunarmiðstöð kynnti í gær. „Síðan skiptir auðvitað líka máli og er skemmtilegt, af því gosið var jú tengt okkur, að nýrri þekkingar sem ekki hefur verið til staðar áður sé aflað hér á landi.“

Rannsóknina sem slíka segir Ólöf þó tæpast hafa mikil áhrif til Íslandskynningar, fyrst og fremst hafi hún hagnýtt gildi í flugiðnaði. „En það skiptir auðvitað máli að þess sjáist stað að við viljum skilja hvað það er í eðliseiginleikum okkar lands sem haft getur svo víðtæk áhrif,“ segir hún og bendir á að auk þessarar rannsóknar hafi Keilir staðið fyrir umfangsmikilli alþjóðlegri ráðstefnu í september um áhrif gossins í Eyjafjallajökli.



ÓLÖF YRR ATLADÓTTIR

Áhrif eldgossins

Eftir hraungosið við austurrætur Eyjafjallajökuls sem hófst 20. mars síðastliðinn og stóð í tuttugu daga hófst gjóskugos í toppgíg eldfjallsins 14. apríl. „Það stóð í um fjórtíu daga og skilaði um 300 milljón rúmmetrum af ísúrri andesítgjósku til umhverfisins,“ segir í tilkynningu Nýsköpunarmiðstöðvar. „Gosstrókar náðu um 30 þúsund feta hæð, rúmum níu kílómetrum, og barst aska til meginlands Evrópu. Mest var sprengivirknin fyrstu vikuna og vegna öskudreifar í loftrými margra landa var ákveðið að leggja flugumferð niður í um það bil sex daga.“ Í kjölfarið hófu flugmálayfirvöld, ríkisstofnanir og sérfræðingar umræður og rannsóknir svo taka mætti til við aðgerðir sem lágmarkuðu tjón af völdum eldgosa í flugþjónustu.

KEEN

dömu kuldaskór

Verð: 33.000 kr.
(Stærðir: 38-42)



Hljýr og þægilegir uppháir kuldaskór fyrir dömur. Fóðraðir með gerviskinni og gott grip í sóla.

66

KEEN

barna kuldaskór

Verð: 16.800 kr.
(Stærðir: 25-38)



Góðir vatnsheldir barna kuldaskór með snjóvörn. Leður neðst á skóm, gott grip í sóla og távörn.

66

KEEN

smábarna kuldaskór

Verð: 11.500 kr.
(Stærðir: 21-25)



Hljýr og léttir smábarna kuldaskór sem auðvelt er að klæða börnin í. Távörn og gott grip í sóla.

66

Málning!

Gerð verðsamanburð á öllum vörum,
EKKI BARA TILBOÐUM!



Deka Pro 4. Loft og veggjámáling. 10 lítrar
4.990 kr.



DekaCryl 7
Innimáling. 10 lítrar
4.990 kr.



Deka Pro 10
Innimáling. 10 lítrar
5.895 kr.



Aqua 25 innimáling á böð
4 lítrar
3.995 kr.



Deka Meistaragrúnnur
Hvítur. 1 líter
1.295 kr.



Deka Meistarlakk 40
Akrýllakk. 1 líter
1.495 kr.



Deka Meistarlakk 70
Akrýllakk. hvítt. 1 líter
1.495 kr.



Scala Lackfarg 30 (olíu)
1 líter
1.395 kr.



Hágæða sænsk málning
10% gljástig, verð 10L **4.590 kr**

allir ljósir litir



Veggspartl fint
0,5 lítrar
695 kr.



Veggspartl medium
10 lítrar
3.995 kr.



Scala Panellakk 15
Glært. 3 lítrar
2.995 kr.



Scala Steypugrunnur
Betoprime glær. 1 líter
595 kr.



Dicht-Fix þéttiefni. 750ml
1.795 kr.

LÆKKUM
VERÐIÐ Á
BYGGINGA-
VÖRUM



MAKO pensill
50mm
395 kr.



Gæða rúlluset
795 kr.



Málningarrúlla með
stækkalegu skafti
995 kr.



Áltrappa 4 þrep
4.995 kr.

MAKO málningarlímband
25mm - 50m

325 kr.



Reykjavík Klettháls 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16
Kópavogur Smiðjuvegur 72. GRÓFVARA Opið virka daga kl. 8-18
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Akureyri Furuvellir 15. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Húsavík - Flúðir - Vestmannaeyjar



MÚRBÚÐIN

- Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðsamanburð!

Enn lækkun

iMac 21,5"

3,06GHz Intel Core i3

4GB DDR3 vinnsluminni

500GB harður diskur

ATI Radeon HD 4670 256MB


Práðlaust íslenskt lyklaborð og mús

Engir vírusar



Verð:
209.990,-

Verð áður: 239.990.-



iMac 27"

3,2GHz Intel Core i3

4GB DDR3 vinnsluminni

1TB harður diskur

ATI Radeon HD 5670 512MB

Práðlaust íslenskt lyklaborð og mús

Engir vírusar



Verð:
299.990,-

Verð áður: 329.990.-

n við verðið



MacBook 13"

2,4GHz Intel Core 2 Duo
2GB DDR3 vinnsluminni
250GB harður diskur
NVIDIA GeForce 320M
Íslenskt lyklaborð
Allt að 10klst. rafhlöðuending
Engir vírusar

Tilboðsverð:
169.990,-

Verð áður: 199.990.-

Nýr iPod nano

8GB - 36.990.-
16GB - 44.990.-

Geymir allt að 4000 lög
Allt að 24 klst rafhlöðuending
Vegur aðeins 21g
FM útvarp
7 litir ●●●●●●●



MacBook Air

Forpantaðu þitt eintak á:

www.epli.is

Verð frá:
179.990.- Væntanleg í nóvember

Frí
ástandsskoðun
á fimmtudögum
milli kl. 18 - 21

Opið til 21
alla fimmtudaga



Ókeypis
námskeið

www.epli.is/fraedsla

Apple búðin
Sími 512 1300
Laugavegi 182


Afgreiðslutími:
Mán. - mið. 10-18 | Fim. 10-21
Fös. 10-18 | Lau. 12-16

www.epli.is

epli.is

Útgjöldin

>Húsaleiga á höfuðborgarsvæðinu (meðalverð)



neytendur
hagur heimilanna

NEYTANDINN: Marius Hermann Sverrisson söngvari

Buxnaskálmin rifnaði af í Berlín

„Verstu kaupin sem ég hef gert undanfarið hljóta að vera gallabuxur sem ég keypti í ónefndri búð í Reykjavík,” segir Marius Hermann Sverrisson. Hann segir gallabuxurnar vissulega hafa verið ódýrar, en nýtingin hafi verið fremur lítil.

„Ég var ekki einu sinni búinn að þvo þær, og var búinn að vera í þeim í sirka hálf tíma þegar þær eyðilögðust,” segir Marius.

„Ég var á göngu í Berlín, þar sem ég bý, og hafði sest á bekk. Þá gáfu saumur í buxunum sig algerlega, með þeim afleiðingum að önnur skálmin fór næstum af.”



Marius segir að hann hafi orðið að gripa til þess ráðs að binda jakkann um mittið og koma sér þannig búinn heim, og viðurkennir að þetta hafi ekki verið sérstaklega skemmtileg upplifun, þó vissulega sé hún eftirminnileg.

Bestu kaupin segir Marius vera nýju fartölvuna sína. „Ég var búinn að vera að nota sömu tölvuna í sex ár þegar ég keypti loksins nýja vél í haust. Þetta eru augljóslega bestu kaupin sem ég hef gert nýlega, þetta er þvilíkur munur.”

GÓÐ HÚSRÁÐ

GALLABUXUR Á ULLAR-PRÓGRAMM

„Til þess að auka endinguna á svörtum og dökkbláum gallabuxum þvæ ég þær alltaf á ullarprogrammi og með ullarsápu,” segir Þóra Dögg Jörundsdóttir matvælafræðingur. Eins og starfsheitið gefur til kynna á Þóra einnig gott ráð til að nota í eldhúsinu.



ÞÓRA D. JÖRUNDSÓTTIR

„Það er gott að hafa einn dag í viku þar sem bannað er að kaupa inn í matinn en nota í staðinn það sem er til í skápunum. Það er alltaf eitthvað til auk þess sem við hendum allt of miklum mat,” segir Þóra.

Auglýsingasími

512
50
50

Allt sem þú þarft...

■ Neytendahjálp

Sextíu þúsund mál til ENA

Alls bærust um 60 þúsund mál til Evrópsku neytendaadstoðarinnar á síðasta ári, en þetta er töluverð aukning síðan 2005 þegar fjöldi mála var 43 þúsund. Tæplega helmingi mála lauk með sáttum, en í tæplega 40 prósentum þeirra náðist engin lausn. Rúmlega þrettán prósentum mála var vísað áfram til úrskurðaraðila og annarra stofnana, svo sem lögreglu, lögfræðinga eða dómstóla. Evrópska neytendaadstoðin tekur að sér mál frá íbúum allra Evrópusambandsríkjanna, auk Íslands og Noregs. Hún aðstoðar neytendur í tengslum við hvers konar viðskipti milli landanna, svo sem ferðaþjónustu eða vörukaup á netinu.

■ Flug

Ferðaskrifstofan ber ábyrgð

Samkvæmt úrskurðarnefnd Samtaka ferðaþjónustunnar og Neytendasamtakanna dugur ekki að ferðaskrifstofa bjóði upp á hótél með hálfu fæði þá daga, sem farþegi er strandaglópur vegna tafa á flugi, eins og raunin var vegna eldgossins í Eyjafjallajökli. Samkvæmt úrskurði nefndarinnar ber ferðaskrifstofu að greiða fyrir fullt fæði þessa daga, og þarf varnaraðili málsins að greiða sóknaraðila mismuninn samkvæmt kvittunum fyrir fæðis kaup. Nefndin lítur svo á að ferðaskrifstofur séu gagnvart farþegum flugrekendur í skilningi laganna.



POWERADE Þau efni sem eru flokkuð af Evrópuþinginu sem asó-litarefni er ekki að finna í bláum Powerade líkt og var gefið í skyn í frétt blaðsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

RÝMINGARSALA Á VÖNDUÐUM MYNDAVÉLUM FRÁ SAMSUNG OLYMPUS CASIO AÐEINS Í NOKKRA DAGA

<p>CASIO EX-Z35</p> <p>Fullt verð: 22.900 kr. Tilboðsverð: 18.900 kr.</p>	<p>CASIO EX-Z450</p> <p>Fullt verð: 45.900 kr. Tilboðsverð: 39.900 kr.</p>	<p>CASIO EX-Z550</p> <p>Fullt verð: 35.900 kr. Tilboðsverð: 29.900 kr.</p>	<p>CASIO EX-FC100</p> <p>Fullt verð: 57.900 kr. Tilboðsverð: 37.900 kr.</p>
<p>CASIO EX-G1</p> <p>MJÖG FLOTTAR MYNDAVÉLAR</p> <p>Fullt verð: 59.900 kr. Tilboðsverð: 49.900 kr.</p>	<p>CASIO EX-H15</p> <p>12,1 milljón punkta upplausn 10x aðdráttarlinsa (24-240mm)</p> <p>Fullt verð: 44.900 kr. Tilboðsverð: 39.900 kr.</p>	<p>SAMSUNG EC-ES60</p> <p>12,2 milljón pixlar · 3x Optical Zoom DIS · Face detection</p> <p>Fullt verð: 22.900 kr. Tilboðsverð: 17.900 kr.</p>	<p>SAMSUNG EC-ES70</p> <p>12,2 milljón pixlar · 3x Optical Zoom DIS · Face detection</p> <p>Fullt verð: 26.900 kr. Tilboðsverð: 22.900 kr.</p>
<p>OLYMPUS FE-4030</p> <p>14 milljón pixlar · 4x aðdráttarlinsa (26-105 mm)</p> <p>Fullt verð: 24.900 kr. Tilboðsverð: 21.500 kr.</p>	<p>OLYMPUS FE-5030</p> <p>14 milljón pixlar · 5x aðdráttarlinsa (24-120mm)</p> <p>Fullt verð: 29.900 kr. Tilboðsverð: 25.900 kr.</p>	<p>Gríptu augna-blikið!</p>	
<p>OLYMPUS E-P1</p> <p>12,3 milljón pixlar Linsa: ZUIKO DIGITAL ED</p> <p>Fullt verð: 155.900 kr. Tilboðsverð: 99.900 kr.</p>	<p>OLYMPUS MJU 5000</p> <p>12 milljón pixlar · 5x aðdráttarlinsa</p> <p>Fullt verð: 43.500 kr. Tilboðsverð: 29.900 kr.</p>	<p>OLYMPUS FE-47</p> <p>14 milljón pixlar · 5x aðdráttarlinsa</p> <p>Fullt verð: 18.900 kr. Tilboðsverð: 16.900 kr.</p>	<p>OLYMPUS T-100</p> <p>12 milljón pixlar · 3x aðdráttarlinsa</p> <p>Fullt verð: 19.900 kr. Tilboðsverð: 13.900 kr.</p>

Brilliant Blue er ekki asó-litarefni

Blátt Powerade inniheldur engin asó-litarefni, sem hafa verið til endurskoðunar hjá Evrópuþinginu á síðustu misserum. Litarefnið Brilliant Blue FCF getur orsakað litun í húð, þvagi, saur og blóði. Evrópuþingið flokkar e-104, sem er að finna í gulum Powerade, sem asó-litarefni en Vífilfell fullyrðir að svo sé ekki.

de quinoléine) flokkað sem asó-litarefni. Samkvæmt heimasíðu Vífilfells er það að finna bæði í gulum og appelsínugulum Powerade en Stefán Magnússon, markaðs- stjóri Vífilfells, sem er umboðsaðili Powerade á Íslandi, fullyrðir að upplýsingarnar á heimasíðunni séu ekki réttar sem helgast af því að það séu margar formúlur í boði og ekki er alltaf flutt inn frá sama stað.

Fréttablaðið birti í gær grein um atvik sem átti sér stað þegar kona drakk blátt Powerade fyrir íþróttaleik og mjólkaði grænni mjólk í kjölfarið. Fréttin fjallaði einnig um mögulega skaðleg áhrif asó-litarefna á börn og að Neytendasamtökin vildu fá efnin af markaði hér á landi.

Slík efni sé ekki að finna í appelsínugulum Powerade, heldur einungis í þeim gula, og e-104 sé ekki skilgreint sem asó-litarefni miðað við þær reglugerðir sem fyrirtækið hefur undir höndum. Hins vegar er að finna e-122 í rauðum Powerade og slíkt er óumdeilanlega flokkað sem asó-efni.

Það efni sem gefur Powerade Mountain Blast hinn bláa lit sinn, Brilliant Blue FCF eða FD&C Blue No. 1 (e-133), er hins vegar ekki flokkað sem asó-litarefni, eins og ýjað var að í fréttinni. Leiðréttist það hér með. Hins vegar er Brilliant Blue FCF bannað í fjölda Evrópulanda, þar á meðal Danmörku, Svíþjóð og Noregi. Samkvæmt Matvæla- og lyfjaeftirliti Bandaríkjanna (FDA), getur neysla á Brilliant Blue FCF orsakað bláan lit í húð, blóðvökva, þvagi og saur, en einnig mun alvarlegri kvilla. Hjá Evrópuþinginu er litarefnið Quinoline Yellow (e-104 og Jaune

„Samkvæmt okkar upplýsingum er Cherry eini asó-drykkurinn og við ætlum að taka það til skoðunnar hvort við ætlum að halda áfram að selja það eða ekki,” segir Stefán. „Ef markaðurinn vill ekki asó-liti þá verðum við að bregðast við því.”

Stefán segir að á Norðurlöndunum sé sú stefna Coca Cola fyrirtækisins að útrýma öllum ónáttúrulegum efnunum í vörum fyrirtækisins og sú vinna sé einnig í gangi hér á landi.

Í júlí 2008 ákvað Evrópuþingið að merkja bæri öll þau matvæli sem innihéldu eitthvert af þeim sex efnunum sem flokkuð eru sem asó-litarefni. Þau matvæli verði að vera greinilega merkt þar sem þau geta mögulega verið skaðleg börnunum.

sunna@frettabladid.is

Úr fréttatilkynningu Vífilfells

1. Asó-litarefni er ekki að finna í bláum Powerade sem er umfjöllunarefni greinarinnar og því villandi að blanda bláum Powerade í umræðuna um asó-litarefni.
2. Vífilfell og The Coca-Cola Company, eigandi vörumerkisins Powerade, fylgja í einu og öllu Evrópureglugerðum varðandi innihald í matvælum. Ef íslensk stjórnvöld vilja breyta einhverjum lögum og reglugerðum þurfa þau að fara eftir Evrópulöggjöf og fyrirtækið aðlagar sig að því eftir því sem við á.
3. Engar vörur sem framleiddar eru af Vífilfelli héraðs innihalda asó-litarefni.
4. Engin dæmi eru til um það hér hjá Vífilfelli að neysla drykkja frá fyrirtækinu hafi haft þau áhrif sem lýst er í tilfelli prófessorsins í Fréttablaðinu.

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · WWW.ORMSSON.IS

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333	ORMSSON PRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK-EGILSSTÓÐUM SÍMI 471 2038	ORMSSON PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160
--------------------------------	--------------------------------------	--	--------------------------------	-------------------------------	---------------------------------------	---------------------------------------	--

ALLT FYRIR RJÚPNAVEIÐINA!

Mikið úrval skotvopna og fylgihluta af ýmsu tagi. Gæðamerki frá heimsþekktum framleiðendum. Komdu við í Ellingsen áður en þú heldur til rjúpnaveiða.

ERTU KLÁR FYRIR RJÚPUNA?



Tatonka legghlífar
Hlífa skófatnaði og buxum við bleytu.

Verð **4.990** kr.



Columbia Daska Pass
Uppháir gönguskór sem veita stuðning, eru vatnseldir og anda vel. Henta vel fyrir rjúpnaveiði í íslenskum aðstæðum.

Verð **30.392** kr. Áður 37.990 kr.



Handblys, rautt
Nauðsynlegt öryggistæki fyrir alla sem halda á veiðar.

Verð **2.267** kr.



Red Feather snjóþrúgur
Auðveldi yfirferð í snjóþungu landslagi, 1,5 kg að þyngd.

Verð **25.490** kr.



Hawke sjónaukar
Góðir og traustir sjónaukar. Nauðsynlegir í allar veiðiferðir.

Verð frá **4.990**



Browning Phoenix Composite 28"
Browning Phoenix Composite fæst með 28 tommu hlaupi og skiptanlegum þrengingum. Fislétt og með áreiðanlegri gasskiptingu frá Winchester.

Verð **199.900** kr.



Remington 870 Express
Pumpa með svörtu skefti. Sterk, örugg og ein besta byrjendabyssan á markaðnum.

Verð **76.900** kr.



Rjúpnaskot frá Winchester og Remington

Verð frá **1.190** kr.



Áttavitar
Áttavitar í miklu úrvali.

Verð frá **8.990** kr.



Álpokar
Einangrunarpokar sem koma í veg fyrir hitatap.

Verð frá **690** kr.



Allen rjúpnaveiðivesti
Klæðnaður í skærum lit er mikilvægt öryggisatriði í skotveiði.

Verð **7.190** kr.

Reykjavík
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
Opíð mánudag–föstudag 10–18
Laugardag 10–16

Akureyri
Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630
Opíð mánudag–föstudag 8–18
Laugardag 10–16

 **Ellingsen**
– fullt hús ævintýra

32 STIG er væntingavísitala Gallups í mánuðinum. Vísitalan hrundi um 35,7 stig frá í september og hafa neytendur ekki verið svartsýnni í rúmt ár, að sögn Greiningar Íslandsbanka.



KLÆÐALAUSAR ÚTSÖLUGÍNUR Verð á fatnaði hækkaði meira milli mánaða en greiningaraðilar höfðu spáð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Verðbólga liggja við verðbólguþröngum um áramótin:

Kostnaður reyndist hærrí en spáð var

Vísitala neysluverðs lækkaði um 0,74 prósent á milli mánaða og mælist verðbólga nú 3,3 prósent samanborið við 3,7 prósent í september. Sé húsnæðisliður tekinn úr tölunum mælist verðbólga nú 4,6 prósent.

Þetta er nokkuð minna en greiningaraðilar gerðu ráð fyrir. IFS Greining spáði 3,1 prósent verðbólgu í mælingunni en Greining Íslandsbanka 3,0 prósentum. Helst munar um meiri hækkingu á húsnæðisliði, hitaveitukostnaði, flugferðum til útlanda og matvöruverði en gert var ráð fyrir.

Greining Íslandsbanka segir mælingu ekki breyta spá um verðbólguþróun næstu mánuði. Verðbólga muni hækka næstu mánuði fram til áramóta vegna frekari

Helstu kostnaðarliðir í verðbólguþróunum*

Liður	Þrátt
Hitaveita	23,5%
Flugfaragjöld til útlanda	15,6%
Kostnaður vegna eigin húsnæðis	0,9%
Mat- og drykkjarvara	0,7%

* Heimild: Hagstofa Íslands

áhrifa af hækkingu veitufyrirtækja og verðhækkingu á landbúnaðarhrávörum erlendis. Verðbólga muni engu síður hjaðna hægt og bitandi.

Greining bankans gerði ráð fyrir því fyrir mánuði að verðbólga verði komin niður að langþráðum verðbólguþröngum Seðlabankans um næstu áramót og standi þá í 2,4 prósentum. - jab

Óttast að frétt DV setji Sjóváarkaup í uppnám

Fyrirverandi framkvæmdastjóri Novators íhugar að fara í mál við DV, dragi blaðið ekki til baka ásakanir um að hann hafi átt þátt í falli krónunnar með bandarískum fjárfestum. Ekkert beinlínis rangt við stöðutökur, segir siðfræðingur.

„DV er að reyna að skemma þessi viðskipti með Sjóvá með rakalausum þvættingi,“ segir Heiðar Már Guðjónsson fjárfestir um greinar blaðsins um meinta stöðutöku hans gegn íslensku krónunni árið 2007 með bandarískum vogunarsjóðum. Á sama tíma var hann framkvæmdastjóri Novators, félags Björgólfs Thors Björgólfs-sonar. Heiðar krefst þess að DV dragi fullyrðingar sínar til baka, ellegar höfði hann meiðyrðamál gegn blaðinu.

Heiðar fer fyrir hópi fjárfesta sem eiga í viðræðum um kaup á tryggingafélaginu Sjóvá. Búið er að semja um verð og afhendingu hlutabréfa. Aðeins vantar undirritun seðlabankastjóra sem innsglar kaupsamninginn auk samþykkis Fjármálaeftirlits. Heiðar veit ekki hvað skýrir tafirnar en



FLUTTI VARNADARORÐ Fáir vildu hlusta á varnaðarorð þekktustu hagfræðinga heims um hætuna sem stöðjaði að Íslandi á árunum fyrir hrun, segir fjárfestirinn Heiðar Már Guðjónsson.

útilokar ekki að skrif DV hafi áhrif. „Það er Fjármálaeftirlitið sem á að dæma hver megi eiga tryggingafélag, ekki DV,“ segir hann. Heiðar vill ekki gefa upp verðið, segir það trúnaðarmál. Þó sé það helmingi hærra en aðrir buðu auk þess að greitt verður í beinhörðum peningum. Ekki er tekið lán fyrir kaupnum, að hans sögn.

Alltaf tapar einhver á stöðutöku

„Stöðutaka gegn krónunni eða hlutabréfum er sem slík ekki röng. Ef þú hins vegar reynir að raungera verðlækkun með einhverjum hætti, svo sem samstarfi við áhrifamikla aðila, og hvetur þá til að fella gjaldmiðilinn, þá tekurðu ekki tillit til hagsmuna þeirra sem geta ekki borið hönd fyrir höfuð sér en eru bundnir gjaldmiðlinum,“ segir Stefán Einar Stefánsson, viðskiptasiðfræðingur við Háskólann í Reykjavík. Hann bendir á að með sama hætti geti neikvæð áhrif á stöðutöku gegn fyrirtækjum, það er þegar fjárfestar veðja á að gengi hlutabréfa í tilteknum fyrirtækjum muni lækka mikið, haft áhrif á starfsfólk fyrirtækisins.

„Málið er í vinnslu,“ segir Rúnar Guðmundsson, sviðsstjóri á váttryggingasviði Fjármálaeftirlitsins. Eftirlitið þarf að samþykkja öll kaup á svokölluðum virkum eignarhlutum, sem er yfir tíu prósentum. Á meðal þess sem eftirlitið skoðar er þekking þjóðenda á tryggingastarfsemi, fjárhagslegur styrkur þeirra og orðspor. jonab@frettabladid.is

Gunnar Hersveinn

ÞJÓÐGILDIN

Þjóðgildin eftir Gunnar Hersvein er ný bók um gildin sem valin voru á Þjóðfundinum 2009.

Hún er um heiðarlegt samfélag sem byggir á virðingu, jafnrétti, réttlæti og kærleika.

Ps. Þjóðgildin eru ekki aðeins fyrir aðra, heldur hvert og eitt okkar!

ÞJÓÐGILDIN – spröttin af visku þjóðar



Fæst hjá öllum bóksölum – www.þjóðgildin.is – Skálholtsútgáfan 2010

VÖNDUÐ HEILSURÚM

Framleiðum rúm í öllum stærðum!

30% AFSLÁTTUR

FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

Landsins mesta úrval af heilsudýnum

50% afsláttur af heilsukoddum
Verð frá 3.500 kr



Mikið úrval af rafmagnsrúmum
Verð frá 192.052,- kr
með sérvallinni
heilsudýnu.



30% AFSLÁTTUR AF HEILSURÚMUM

VERÐDÆMI:

Íslensk rúm:

90 x 200 cm - Verð frá kr. 58.000,-

160 x 200 cm (2 dýnur) - Verð frá kr. 139.226,-

Dýnur: 80 x 200 cm - Verð frá kr. 39.473,-

ÖLL ARINELDSTÆÐI Á 50% AFSLÆTTI

EITT BESTA VERÐ LANDSINS
Á GEL / ETHANOL
ARINELDSTÆÐUM.

Ethanol uppkveikilögur 2L.
Kr. 1.600,-



VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÓSKUM

Rúmgott framleiðir svæðaskiptar hágæða heilsudýnur í öllum stærðum.

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121

Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is



20% AFSLÁTTUR

af öllum barnafatnaði...
barnaskóm... leikföngum
... og önnur tilboð



20%
AFSLÁTTUR
af öllum
barnafatnaði



20%
AFSLÁTTUR
af Algjör
Sveppi



20%
AFSLÁTTUR
af öllum
leikföngum



20%
AFSLÁTTUR
af öllum
barnamat





BARNADAGAR

28. - 31. október



tilboð

2.990,-
fullt vers 3.990,-

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

Icelandic og MSC í samstarf um umhverfsvottun:

Mark tekið á markaðnum

Akvörðun Icelandic Group um að taka upp samstarf við Sjávarnytjaráðið, Marine Stewardship Council, um umhverfsvottun á sjávarafurðum er umtalsverð tíðindi.

MSC hefur starfað í fjórtán ár og náð afgerandi forystu á alþjóðlegum vettvangi í umhverfismerkingum á sjávarafurðum. MSC-vottunin kom til á sínum tíma vegna vaxandi vitundar neytenda um uppruna sjávarafurða eins og annarrar matvöru. Merki MSC vottar meðal annars að stofnunum, sem fiskurinn kemur úr, sé stjórn-

SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen
olafur@frettabladid.is



að með sjálfbærum hætti og að vistvæn veifaræri séu notuð. Strax í upphafi, árið 1996, komu fulltrúar MSC hingað til lands og buðu íslenskum sjávarútvegi til samstarfs. Þeir töldu að Ísland hlyti að taka umhverfsvottuninni fagnandi, enda í forystu fyrir ábyrgri og sjálfbærri nýtingu sjávarauðlinda.

Talsmenn sjávarútvegsins hafa hins vegar frá upphafi tortryggt ráðið, einkum vegna tengsla þess við umhverfisverndarsamtök. Í sjávarútveginum hefur fólki hætt til að afskrifa allan málflytning alþjóðlegra umhverfisverndarsamtaka sem vitleysu og áróður og óttast að þau gætu, í krafti áhrifa á umhverfsvottun aðila á borð við MSC, öðlazz ítök í fiskveiðistjórnun á Íslandsmiðum.

Heimurinn er hins vegar ekki svart-hvítur. Þegar sum umhverfisverndarsamtök hvetja neytendur til að sniðganga allan þorsk vegna þess að tegundin er ofveidd í Norðursjó eða við Kanada er það augljóslega villandi áróður. En þegar önnur umhverfisverndarsamtök benda á þá hættu, sem lífríki jarðarinnar og lífsafkomu mannkynsins stafar af ofveiði og hvetja neytendur til að kaupa aðeins fisk, sem er veiddur og unninn með sjálfbærum hætti, hafa þau mikið til síns máls. Neytendur víða um heim eru meðvitaðir um þetta og gera kröfu um að fiskurinn sem þeir kaupa á markaðnum eða úti í búð sé umhverfsvottaður.

Þessi krafa er einfaldlega orðin hluti af markaðsumhverfi íslensks sjávarútvegs. Það var til marks um aukinna skilning á því, þegar ákveðið var að fara af stað með séríslensku umhverfsvottun. Þá þegar voru Íslendingar samt orðnir of seinir, vegna þess að talsmenn sjávarútvegsins höfðu of lengi mælt það upp hver í öðrum að umhverfsvottun væri tóm vitleysa, í stað þess að nýta sér samkeppnisforskotið sem hefði falizt í því að verða með þeim fyrstu til að nýta sér slíka vottun. Undanfarin misseri hafa keppinautar Íslendinga, til dæmis Norðmenn, fengið MSC-vottun á sínar vörur og þar með náð forystunni af Íslendingum.

Þetta viðurkennir Ingvar Eyfjörð, aðstoðarforstjóri Icelandic Group, í raun í Fréttablaðinu í dag þegar hann segir að annars vegar hafi Íslendingar verið seinir til með sitt merki og hins vegar sé MSC orðið allsráðandi í umhverfsvottun.

Það var löngu tímabært að íslenskur sjávarútvegur tæki mark á kröfum markaðarins um umhverfsvottaðar sjávarafurðir. Nú þegar Icelandic, sem verzlur með þriðjung alls sjávaraflla á Íslandi, hefur tekið skrefið sigla aðrir væntanlega í kjölfarið.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Einfalt

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra skrifar nú hverja blaðagreinina á fætur annari um hve mikilvæg aðild Íslands að Evrópusambandinu sé fyrir framtíð lands og þjóðar. Ein birtist í Fréttablaðinu í gær. Í henni leggur Össur málið upp á einfaldan hátt. Hann segir Ísland standa frammi fyrir því að búa annað hvort við viðvarandi fjöltaatvinnuleysi eða ganga í Evrópusambandið. Rökin eru þau að erlendar fjárfestingar í smáum ríkjum stóraukist þegar þau gangi í ESB.



Hlusta

Ríkisstjórnin sem Össur situr í hefur mátt þola meiriháttar gagnrýni vegna atvinnumála. Meðal annars er henni borið á brún að lyfta ekki litla fingri til að fjölga hér störfum. Hún hefur verið sökuð um að vinna gegn atvinnuuppbyggingu. Sögd fjandsamleg atvinnulífínu. Ríkisstjórnin ætti kannski að hlusta á tillögur um atvinnu-sköpun eða jákvæðar aðgerðir fyrir atvinnulífið áður en hún boðar að hér verði massa atvinnuleysi ef ekki kemur til ESB-aðildar.

Einstakt

Hreyfingin á sér sjaldan skoðana-bræður í röðum annarra stjórnmálaflokka og háskólafélks og er einstök í stjórnmálunum að því leyti. Því vekur athygli þegar það gerist. „Sammála Hreyfingunni,“ var fyrrisögn greinar Jóns Steinssonar lektors við Columbia-háskóla hér í blaðinu í gær. Hann er sammála Hreyfingunni um galla á frumvarpi til breytinga á gjaldþrotalögum. Telja báðir aðilar að lánardrottum séu færð of mikil völd. Liðsstyrkur Jóns gæti orðið málinu til framdráttar.



bjorn@frettabladid.is

HALLDÓR



EHH... ER STRÁKURINN EKKI KOMINN FULLLANGT ÚT FYRIR RAMMANN, ÞEGAR BJÖRN BJARNA ER FARINN AÐ FILLA HANN.

Kirkja og skóli á forsendum barnsins

Skólamáli



Halldór Reynisson
verkefnisstjóri
fræðsluviðs
Biskupsstofu

Um ræðan um kirkju og skóla byggir um sumt á misskilningi. Talað hefur verið um tillögu mannréttindaráðs Reykjavíkur sem „bann við trúboði“ eins og trúboð á vegum kirkjunnar sé þar iðkað í stórum stíl. Það er stefna kirkjunnar að eiga samstarf við skólann á þeirri forsendu hans að fræða um trú en ekki boða hana.

Þá hefur verið látið að því liggja að tillögur mannréttindaráðs byggi á tillögum menntasviðs borgarinnar frá 2007 og að fulltrúi kirkjunnar hafi „blessað“ þær. Ég er sá blessaði maður og vil leiðrétta þann misskilning.

Í fimmta lið tillagna mannréttindaráðs segir „Kirkjuferðir skulu ekki farnar á starfstíma...“. Í 2007 skýrslunni segir: „Varðandi börn og nemendur getur samstarf falist í vettvangshéimsöknum ... fá kynningu á hátíðum og athöfnum er tengjast lífshlaupi mannsins.“

Tillaga mannréttindaráðs gengur því í þveröfuga átt.

Í sjötta lið tillagna mannréttindaráðs segir „...að tryggt sé að fagaðilar komi að sálrænum áföllum í stað þess að leitað sé til trúar- og lífsskoðunarfélaga“. Í 2007 skýrslunni segir: „Samstarf getur einnig falið í sér að kennarar í leik- og grunnskólum leiti

aðstoðar hjá fulltrúum trúar- og lífsskoðunarhópa vegna áfalla sem tengjast nemendum og kennurum skólanna.“

Tillaga mannréttindaráðs gengur í þveröfuga átt.

Varðandi umfjöllun um fermingarfræðslu Þjóðkirkjunnar þá er hugmyndin í tillögnum að banna skólum að veita leyfi til fermingarferða. Í árslok 2007 áréttaði menntamálaráðuneytið að ekki stæði til að banna skólastjórnendum að veita slík leyfi en foreldrar skyldu sækja um en ekki kirkjurnar.

Í rauninni held ég að allir séu sammála um að skólinn sé ekki vettvangur trúboðs. Deilan snýst um hvað kallað er trúboð. Er það að prestur gengur inn í skóla trúboð? Eru englamyndir á litlu jölonum trúboð? Forðumst öfgar, höfum þá síðfræði Aristótelesar að leiðarljósi að dygðin sé fólgin í meðalhófi en lestir í öfgunum.

Loks þetta. Í skólamálaumræðunni er sjónarmið barnsins sjálfs og náms þess nú í brennidepli en ekki hagsmunir kennarans, hvað þá kirkjunnar eða siðmenntar. Hverjir eru hagsmunir barnsins? Hvað nærir það og þroskar? Hvað stýður þegar áföll dýnja yfir? Hvernig hjálpuum við því að auða sitt andlega líf, hvort sem það er kristið eða trúlaust?

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald
RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Bylting í matargerð
Hollari | Betri

100% hrein náttúruafurð
hollari og betri í alla matargerð
bragð- og lyktarlaus

Minna en 1g transfitusýra Fæst í næstu verslun

Hvað getum við gert? IV

Efnahagsmál

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
formaður
Framsóknarflokksins



Í þremur greinum hef ég fjallað um forystu framsóknarmanna í uppgjöri við fortíð, leiðandi stefnu í lýðræðisumbótum og málefnum heimila og atvinnulífs. Í síðustu grein rakti ég 10 af þeim málum sem Framsókn hefur barist fyrir síðastliðin 2 ár. Margt af því hefur þegar sannað gildi sitt og er nú ofarlega í umræðunni. Ástæða er til að nefna nokkur slík atriði til viðbótar.

11. Skjaldborgin

Þegar til stóð að leggja niður samráðshóp þingmanna um stöðu heimilanna síðast liðið vor, þar eð allar aðgerðir sem von væri á væru fram komnar, fengum við því afstýrt. Við töldum allt betra en ekkert en vörudum ítrekað við því að hinar sértæku lausnir væru óraunhæfar. Það hefur nú sýnt sig þar sem aðeins 128 mál einstaklinga hafa verið leyst með þeim hætti.

sagt um kostina í stöðunni reyndist líka rétt, þ.e. að staðan þyrfti hreint ekki að vera svo slæm ef gripið yrði til réttra ráðstafana.

16. Óhagkvæmar skattahækkningar og stefnuleysi

Frá upphafi höfum við bent á að tilraunir ríkisstjórnarinnar til að skattleggja Ísland út úr kreppu væru óraunhæfar. Gagnrýnt var að í góðærinu hefðu stjórnvöld lækkað skatta. Hin hliðin á þeim peningi er sú að í kreppu hækka menn ekki skatta.

Hvað getum við gert?

Framsókn réðist í róttækari endurnýjun en dæmi eru um í íslenskri stjórnmalasögu, innleiddi ný vinnubrögð, sýndi að flokkurinn tekur almannahagsmunum fram yfir flokkshagsmunum. Þrátt fyrir þetta hefur umræða um flokkinn stöðugt verið látin snúast um ímynd úr fortíðinni. Þó ekki of nálæga fortíð og ekki of fjarlæga heldur mjög afmarkað tímabil og hlutdræga söguskýringu á því tímabili. Þetta er gert skipulega til að dreifa athyglinni frá endalausum mistökum stjórnvalda í samtímanum. Þannig þekki ég tiltekin dæmi



Þrátt fyrir þetta hefur umræða um flokkinn stöðugt verið látin snúast um ímynd úr fortíðinni. Þó ekki of nálæga fortíð og ekki of fjarlæga heldur mjög afmarkað tímabil og hlutdræga söguskýringu á því tímabili.

12. Landflótti eða atvinna

Þegar við höfum rætt áhyggjur okkar af því að störf væru að tapast hratt á Íslandi og fólk að flytja af landi brott hefur því jafnan verið svarað á kunnuglegan hátt. Nú hefur komið á daginn að fólksflóttinn er sá mesti frá því á 19. öld. Við höfum reynt hvað við getum til að benda á þau fjölmörgu tækifæri sem eru til atvinnuuppbyggingar og hvað þarf að gera til að þau verði nýtt.

13. Opín og fagleg stjórnsýsla

Fyrirspurnir framsóknarmanna leiddu í ljós að tugir starfsmanna höfðu verið ráðnir á nokkrum mánuðum án auglýsingar. Líklega hefur engin ríkisstjórn gengið jafnhart fram í því að fara á svig við lög til að raða sínu fólki á jötuna.

14. Fagmennska í stað flokksræðis

Ég gerði grein fyrir því á flokksþinginu í fyrra að ég mundi leita ráða hjá þeim sem best þekktu til á hverju sviði óháð flokks tengslum. Margar þeirra lausna sem við höfum talað fyrir hafa komið fram með þeim hætti. Það er því ekki svo að allir flokkar séu lokaðir fyrir utanaðkomandi hugmyndum og reiði sig á pólitísk fremur en sérfræðipækkingu.

15. Staða ríkissjóðs

Ábendingar framsóknarmanna um þá hættu sem fylgdi skuldastöðu ríkissjóðs og fullyrðingar um að ríkisstjórnin hefði hvorki gefið réttar upplýsingar um stöðuna né gripið til nauðsynlegra ráðstafana voru líklega meginrót hins linnulausa áróðurs um að framsóknarmenn væru neikvæðir. Síðan þá hefur komið í ljós að staða ríkissjóðs var helmingi verri en ríkisstjórnin fullyrty fyrir kosningar en um leið sannaðist að það sem við höfum

um fjölmiðlamenn sem liðsinna stjórnvöldum í hvert sinn sem þau lenda í verulegum vandræðum með því að beina athyglinni að umræddri fortíðarímynd.

Framsóknarflokkurinn hefur í nærri heila öld verið flokkur sem byggist á því að leita að hinni rökréttu leið við úrlausn vandamála, fremur en pólitískum kreddum og átt stóran þátt í einhverri mestu framfarasögu 20. aldar – því að breyta Íslandi úr fátækasta landi Evrópu í eitt hið þróaðasta og farsælasta.

Þrátt fyrir bankahrun er landið enn í efstu sætum lista yfir allt frá þjóðartekjum að jafnrétti. Stóra hættan er hins vegar sú að viðbrögðin við hruninu valdi meiri skaða en hrunið sjálft. En þrátt fyrir fjölmörg mistök á undanförunum tveimur árum getum við enn unnið okkur hratt til farsældar á ný. Það er háð því að stjórnmalamenn og aðrir hætti að líta á hrunið fyrst og fremst sem tækifæri til að innleiða pólitískar öfgar.

Rökhyggja og skynsemi

Á undanförunum tveimur árum hef ég kynnst hundruðum framsóknarmanna um allt land sem eiga það sameiginlegt að fóna tíma sínum og leggja á sig ómælda vinnu til að bæta samfélagið. Heilsteptara og heidarlegra fólk er vandfundni. Þetta fólk endurbætti flokkinn sinn ekki fyrir sjálft sig heldur vegna þess að það trúir að skynsendar-miðjustefna sé best til þess fallin að bæta lífskjör samborgaranna.

Strax eftir hrun ræddum við að í því fælist tækifæri til að betrumbæta samfélagið og við byrjuðum hjá okkur sjálfum.

Hvaða flokkur er betur til þess fallinn að ráðast í umbætur og endurnýjun í samfélaginu en flokkurinn sem endurnýjaði sjálfan sig?

„MAMMA ER STUNDUM ÆST Á LEIKJUM EN MÉR FINNST SAMT GOTT AÐ HÚN MÆTI“ BERGUR

HVITA HUSID / BIA - 10-1730



Rannsóknir sýna að ein besta forvörnin gegn fíkniefnum er

þátttaka í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi

Kynntu þér málið á www.forvarnardagur.is eða vertu með okkur á facebook.com/forvarnardagur



Forseti Íslands



Reykjavíkurborg



Ólympíu



UMFI



Skátarnir



Samband Íslenskra Sveitarfélaga



Verkefnið er styrt af

Miðvikudagurinn 3. nóvember er forvarnardagur í öllum grunnskólum landsins. Ofangreind fullyrðing er byggð á áralöngum rannsóknum fræðimanna við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík á hegðun ungmenna og hvað skilar árangri í forvörnum. Forvarnardagurinn er samstarfsverkefni ofantaldra aðila.

„MÉR FINNST GAMAN AÐ MÆTA Á LEIKI HJÁ HONUM, ÉG ER YFIRLEITT RÓLEGASTA FORELDRIÐ Á STAÐNUM“

SIGURÞÓRA, MAMMA BERGS

FORVARNARDAGURIN
TAKTU ÞÁTT!
HVERT ÁR SKIPTIR MÁLI



Rannsóknir sýna að ein besta forvörnin gegn fíkniefnum er

Þátttaka í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi

Kynntu þér málið á www.forvarnardagur.is eða vertu með okkur á [facebook.com/forvarnardagur](https://www.facebook.com/forvarnardagur)



Miðvikudagurinn 3. nóvember er forvarnardagur í öllum grunnskólum landsins. Ofangreind fullyrðing er byggð á áralöngum rannsóknum fræðimanna við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík á hegðun ungmenna og hvað skilar árangri í forvörnum. Forvarnardagurinn er samstarfsverkefni ofantaldra aðila.

Verkefnið er styrkt af
actavis

Áhættuvarnir og rangar sakir

Viðskipti

Heiðar Már Guðjónsson
fjárfestir



Að undanfögnu hef ég þurft að glíma við frekar óskemmtilega reynslu þar sem fjölmiðill ber upp á mig rangar sakir. DV hefur haldið því ítrekað fram að ég hafi skipulagt árás á íslensku krónuna ásamt alþjóðlegum vögunarsjóðum. Við það andrúmsloft sem nú ríkir er sennilega auðveldast fyrir mann sem starfar í viðskiptum að gefast upp og hætta að reyna að hafa áhrif á að því er virðist stjórnláusa umræðu og leyfa henni einfaldlega að ganga yfir. Mig langar hins vegar í þessari grein að hrekja viðkomandi fullyrðingar DV og benda á hve veikum grunni þær eru byggðar.

Ásakanir DV hafa verið studdar með langsóttum rangtúlkunum á tölvupóstum sem ég sendi árið 2007. „Ja ég er í NYC og hitti Soros adan og BRuce Kovner. Það freistar theirra að radast a kronuna.“

Á fundinum var ég að kynna hlutabréf Straums fyrir viðkomandi fjárfestum en á þessum tíma þótti okkur spennandi að fá alþjóðlega fjárfesta að félaginu, slík kynning bar að sjálfsögðu ekki þau skilaboð að ráðast ætti á gjaldmiðilinn. Á fundinum hafði hins vegar skapast umræða um krónuna þar sem fjárfestarnir töldu hana geta veikst. Í tölvupóstinum er ég að vara við mögulegum fyrirætlunum þessara fjárfesta enda alvarlegt mál fyrir mig og mína samstarfsmenn sem

Ég setti árið 2006 saman hagfræðihluta minnisblaðs dagsett 17. janúar 2006 sem var sent á 2 menn í bankaráði Landsbankans og sýndi hversu brothætt kerfið væri. Minnisblaðið fjallaði um áhættustýringu Landsbankans og hvernig mætti undirbúa bankann fyrir lokun lánamarkaða, gengisfall krónu og lækun hlutabréfa-verðs. Hagnaður yrði af gengisvörnum og hlutabréfavörnum sem myndu draga úr tapi Landsbankans við lækun markaða.

Í janúar 2006, á opnum fundi sem Arnór Sighvatsson, þáverandi aðal-
hagfræðingur Seðlabankans stýrði, sagði ég að krónumarkaður væri á sama stað og hlutabréf í netbólunni í febrúar 2000, mánuði fyrir þá miklu leiðréttingu sem varð.

Ég greiddi fyrir komu Nouriel Roubini til landsins haustið 2006, þar sem hann hitti Seðlabankastjóra, hagfræðinga Seðlabankans og fjármálaráðuneytisins og hann varaði við miklum alþjóðlegum áföllum, sem myndu hafa neikvæð áhrif á Ísland og undirritaður sagði á þessum fundum að efla þyrfti gjaldeyrisforðann og huga að upptöku nýrrar myntar.

Sumarið 2007 bauð ég sérfræðingi AGS, Manuel Hinds, til landsins, sem sagði að skuldir landsins væru of miklar og fall krónunnar myndi auka þær frekar. Efni fundarins var dreift á alþingismenn. Manuel Hinds lagði til einhliða upptöku nýrrar myntar og ef farið hefði verið að ráðum hans væri skuldastaða fyrirtækja og heimila allt önnur en hún er í dag.

Í myndinni Draumalandið færði ég ítarleg rök fyrir því að íslenska hagkerfið myndi ganga í gegnum



Tímasetning umfjöllunar blaðsins er án efa ekki tilviljun þar sem undirritaður á í lokaviðræðum um möguleg kaup á Sjóvá ásamt hóp fjárfesta.

áttu mikið af innlendum eignum ef slíkt stæði til.

DV styður ásakanir sínar einnig með því að ég hafi sagt „... en mer blaedir a hverjum degi“

Ég hafði lengi verið svartsýnn á íslensku krónuna. Til þess að draga úr áfalli við fall íslensku krónunnar í fjárfestingum hafði ég um nokkurn tíma varið hluta íslenskra eigna fyrir verðfalli gjaldmiðilsins. Það var gert með því að gera framvirkan samning sem virkaði í raun sem trygging gegn lækun gjaldmiðilsins, en á alþjóðlegum verðbréfamörkuðum er vísað til kostnaðar við slíkar tryggingar sem „bleed“ vegna vaxtakostnaðar sem þær hafa í för með sér. Ég nýtti slíkar tryggingar sem lið í áhættustýringu en á engum tímapunkti var ég hins vegar með skortstöðu á íslensku krónuna þar sem eignir á Íslandi voru það miklar að ógerlegt hefði verið að verja þá áhættu að fullu. Það sést best á því að Novator og ég sjálfur töpuðum miklum fjármunum á hruni íslenska markaðarins og er einnig í fullu samræmi við skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis sem rannsakaði hreyfingar á gjaldeyrismarkaði fyrir hrun.

Ástæðan fyrir því að ég keypti tryggingar gegn gengisleiðréttingu íslensku krónunnar var að ég hafði miklar áhyggjur af stöðu krónunnar og íslenska hagkerfisins allt frá árinu 2005 og fram að hruni. Ég reyndi á þessum tímapunkti opinberlega að benda á veikleika kerfisins og vara við mögulegu hruni markaðarins og reyndi að takmarka tjón mitt og Novator af þessu með ýmsum hætti eins og rakið er hér að neðan:

Ég varaði bankastjóra Landsbankans við hættunni af því að alþjóðlegir lánamarkaðir myndu lokast með tilheyrandi áföllum á gjaldeyrismarkaði árið 2005.

 0-1 Kenwyne Jones (6.), 1-1 Scott Parker (84.), 2-1 Da Costa (96.), 3-1 Victor Obinna (118.).
 Eiður Smári Guðjohnsen kom inn á sem varamaður á 58. mínútu.
Aston Villa - Burnley 2-1
 1-0 Emile Heskey (86.), 1-1 Clarke Carlisle (89.), 2-1 Stewart Downing (96.).

Þýska bikarkeppnin

Hoffenheim - Ingolstadt 1-0
 Gylfi Þór Sigurðsson var í byrjunarliði Hoffenheim en var skipt af velli í uppbótartíma.

Hollenska úrvalsdeildin

Graafschap - AZ 2-1
 Kolbeinn Sigþórsson kom inn á sem varamaður í liði AZ á 88. mínútu. Jóhann Berg Guðmundsson var á bekknum allan leikinn.

Norska úrvalsdeildin

Fredrikstad - Levanger 24-20
 Berglind Íris Hansdóttir, markkvörður, lék með Fredrikstad. Raket Dögg Bragadóttir skoraði tvö mörk fyrir Levanger sem Ágúst Þór Jóhannsson þjálfar.



HÁLL SEM ÁLL Lettnesku varnarmennirnir áttu oftar en ekki í miklum vandræðum með Róbert Gunnarsson í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Lettarnir ekki svo léttir

Íslenska landsliðið í handknattleik olli mikli vonbrigðum gegn Lettlandi í gær. Strákarnir sluppu þó með sigur sem var afar naumur en varnarleikurinn var sérstaklega slakur. Margt þarf að laga fyrir leikinn gegn Austurríki um helgina.

HANDBOLTI Þrátt fyrir áberandi vanmat og dapran leik tókst íslenska landsliðinu að kreista fram sigur á Lettlandi, 28-26, í fyrsta leik liðsins í undankeppni EM. Ísland er því á toppnum eftir fyrstu umferð þar sem Þýskaland og Austurríki gerðu jafntefli.

Íslenska liðið mætti hálfvankað til leiks og alls ekki tilbúið í slaginn. Lettarnir voru aftur á móti klárir í slaginn og hreinlega keyrðu yfir íslenska liðið á upphafsmínúturnum. Staðan var 1-5 fyrir Letta eftir sjö mínútna leik. Íslenska liðið var á þessum kafla

á hálfum hraða, hljóp ekki til baka og beidi eftir því að hlutirnir gerðust af sjálfu sér.

Þessi fína byrjun Letta vakti liðið af Þýrnirósarsvefni og strákarnir fóru loksins að spila af einhverjum krafti. Hægt og bitandi vann liðið upp muninn og náði loks að jafna, 10-10. Á þeim kafla fór Róbert Gunnarsson mikinn en hann fiskaði fimm víti í fyrri hálfleik og nánast undantekningalaust varnarmann Letta af velli í leiðinni en þeir voru alls utan vallar í 10 mínútur í fyrri hálfleik.

Hreiðar kom líka í markið og varði vel en Björgvin hafði ekki tekist að verja neinn bolta þær mínútur sem hann stóð á milli stanganna. Það skemmdi heldur ekkert fyrir að dómarnir voru frekar hliðhollir íslenska liðinu. Miðað við þá staðreynd var frekar dapurt að leiða aðeins með einu marki í leikhléi, 14-13.

Eflaust héldu margir að íslenska liðið myndi hrökkva í girinn í síðari hálfleik en svo var nú alls ekki. Liðið hélt áfram að basla á báðum endum vallarins og Lettarnir

neituðu að gefa sig. Dómarnir höfðu þess utan snúist og dæmdu með Lettum í síðari hálfleik. Einkennileg sending frá Sviss.

Það var enn jafnt þegar sjö mínútur voru eftir af leiknum og fátt sem benti til þess að Ísland myndi hrista gestina af sér. Þá steig íslenska liðið loksins á bensínið og kláraði leikinn. Ólafur Stefánsson, sem var að spila sinn 300. leik, steig upp og skoraði sín einu mörk utan af velli. Þau voru mikilvæg. Erfiður sigur en stigin telja. Frammistaða íslenska liðsins í leiknum olli samt gríðarlegum vonbrigðum. Liðið var einfaldlega slakt. Sóknarleikurinn var þokkalegur lengstum en vörnin var í molum nánast allan leikinn.

Hreiðar var flottur í markinu, Róbert var magnaður, Logi var öflugur á báðum endum vallarins þrátt fyrir veikindi og Ásgeir átti flotta innkomu. Aðrir voru einfaldlega slakir og þurfa að girða sig í brók fyrir leikinn gegn Austurríki um helgina. Annars tapast sá leikur.

henry@frettabladid.is

Ísland - Lettland 28-26

Mörk Íslands (skot): Ólafur Stefánsson 6/4 (11/5), Róbert Gunnarsson 5 (5), Logi Geirsson 5 (6), Ásgeir Örn Hallgrímsson 5 (6), Þórir Ólafsson 3 (3), Arnór Atlason 2 (7), Sigurbergur Sveinsson 1 (1), Snorri Steinn Guðjónsson 1 (4/1).

Varin skot: Hreiðar Guðmundsson 16/1 (33/2) 48%.

Hraðaupplaupt: 3 (Þórir, Róbert, Ásgeir).

Fiskuð víti: 6 (Róbert 6).

Utan vallar: 8 mín.



Fáðu ráðgjöf um tímareimaskipti Er tímareimin komin á tíma? Fast verð hjá Vélalandi

Skóðuðu fast verð hjá Vélalandi. Hringdu núna í síma 515 7170 og pantaðu tíma.

Verðdæmi um tímareimaskipti:
Nissan Patrol 2,8 dísil Árgærd 1992-2000
 Heildarverð, varahlutur og vinna: 56.442 kr.

Toyota Land Cruiser 90 3,0TD Árgærd 1997-2002
 Heildarverð, varahlutur og vinna: 43.205 kr.

Ford Focus 1,6 bensín Árgærd 1998-2005
 Heildarverð, varahlutur og vinna: 58.366 kr.

Toyota Corolla 1,6 bensín Árgærd 1997-2001
 Heildarverð, varahlutur og vinna: 42.652 kr.

Renault Kangoo 1,4 bensín Árgærd 1998-2005
 Heildarverð, varahlutur og vinna: 58.230 kr.

Vara þessa tilboðs er eftirmarkaðsvara (non-OEM/ekki original)

Skóðuðu www.velaland.is

VELALAND

Vélaland • Vagnhöfða 21, 110 Reykjavík • Sími 515 7170 • velaland@velaland.is

Guðmundur Guðmundsson og Ólafur Stefánsson eftir leikinn í gær:

Getum þakkað fyrir tvö stig

HANDBOLTI „Þetta var mjög lélegt og okkur ekki til sóma að spila svona leik. Menn komu bara ekki tilbúnir í þetta frá byrjun og þeir voru hraðari en við í öllum aðgerðum. Þegar upp er staðið var þetta mjög erfiður leikur fyrir okkur og við getum bara þakkað fyrir að hafa náð í tvö stig,“ sagði Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari eftir leikinn í gær.

„Það var algjör óþarfi að vera að koma sér í svona fátallega stöðu, það er það sem ég er óánægður með. Það var eitt og annað sem klickaði, þetta var lélegur varnarleikur og sóknarleikurinn á köflum stírdur og vandræðalegur. Við þurfum að gera miklu betur ef við ætlum að ná hagstæðum úrslitum gegn Austurríki.“

Leikurinn í gær var tímamótaleikur hjá Ólafi Stefánssyni því hann var að spila sinn 300. landsleik fyrir Ísland. Hann viðurkendi að hafa gjarnan viljað fá betri leik á þessum tímamótum.

„Þetta var mjög slakur leikur hjá okkur og það eiginlega allan tímann. Þetta var erfið fæðing og vörnin vafasöm. Við erum mjög ósáttir við að vinna aðeins með tveimur mörkum en sættum okkur þó við þessa tvo punkta,“ sagði Ólafur ekkert allt of sáttur.

„Menn voru greinilega ekki klárir í slaginn en við



300. LEIKURINN Ólafur fer hér framhjá Aivis Jurdzs, skyttunni öflugur, í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

lærum af þessu og vonandi nýttist þetta okkur í leiknum gegn Austurríki um helgina. Við verðum samt að fara vel í gegnum vörnina hjá okkur. Það var afar mikilvægt að klára leikinn en annars er fátt gott um hann að segja.“

- egm, hbg



FAGNAD Cesc Fabregas og Nicklas Bendtner fagna í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

Enski deildabikarinn:

Walcott minnti rækilega á sig

FÓTBOLTI Theo Walcott skoraði tvö mörk í 4-0 sigri Arsenal á Newcastle í ensku deildabikarkeppninni í gær en þrír leikir fóru þá fram. West Ham vann Stoke, 3-1, og Aston Villa vann Burnley, 2-1, í framlengdum leikjum.

Arsenal hafði góð tók á leiknum í gær en Arsene Wenger, stjóri Arsenal, hrósaði Walcott eftir leikinn.

„Theo Walcott er 21 árs gamall. Aðrir leikmenn hefja sinn feril á þessum aldri. Hann er mjög ungur og afar klókur leikmaður. Þess vegna hef ég trú á því að hann muni halda áfram að þróa sinn leik eins og venjulegt er fyrir mann á hans aldri,“ sagði Wenger.

Eiður Smári Guðjohnsen var óvænt ekki í byrjunarliði Stoke eins og Tony Pulis, stjóri liðsins, hafði gefið í skyn fyrir leikinn. Hann kom þó inn á sem varamaður á 58. mínútu og fékk því dýrmætar mínútur í gær.

- esá

Leikið í riðli Íslands í gær:

Stálheppnir Þjóðverjar

HANDBOLTI Þýskaland lenti í miklum vandræðum með Austurríki á heimavelli í undankeppni EM 2012 í gær en þessi lið eru með Íslandi í riðli.

Niðurstaðan var jafntefli, 26-26, eftir að Austurríki hafði verið með sex marka forystu í hálfleik, 14-8. Austurríki leiddi næstum allan leikinn en jöfnunarmark Þjóðverja skoraði Adrian Pfahl á lokasekúndum leiksins. Marga sterka leikmenn vantaði í þýska liðið að þessu sinni.

Ísland mætir Austurríki í Wiener Neustadt á laugardaginn.

- esá

Auglýsingin gildir í nóvember 2010 eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengli.

LAGER SALA

SJÁÐU
NOKKUR
DÆMI



Verð áður: 490

199

Andrésblöð



Verð frá:

99

Jólapokar



aðeins:

1.999

Disney borðspil
Prinsessu og öskubusku

Verð frá:

49



Jólasveinar athugið!!!
fullt af dóti í skóinn

ALLT AÐ
90%
AFSLÁTTUR



Verð frá:

49

Jólapappír



Verð frá:

59

Pakkaskraut



Verð áður: 1.490

499

Syrpa



Dæmi:

199

Lagersala á bókum

GRIFFILL ALLTAF ÖDÝRARI

SKEIFUNNI 11 s: 5331010
griffill.is

OPIÐ
10-18
LAU 11-17
SUN 12-17



350 URRÍÐAR veiddust í Minnivallalæk á þessu ári. Veiðitímabilið þar hefst 1. apríl og stendur í sex mánuði, eða út september.

75.500 ER sá fjöldi laxa sem Veiðimálastofnun áætla að hafi veiðst á stöng í sumar. Það er næstbesta veiðisumarið hingað til. Árið 2008 veiddust 84.124 laxar.



VEITT Í VASANA Jón B. Jónasson veiðir það sem vasarnir taka. MYND UR EINKASAFNI

Góður hundur er frábær félagi

Rjúpnaveiðin hefst á morgun og mörg hundruð áhugamenn um skotveiði ganga til veiða. Hver og einn þeirra nálgast bráð sína með ólíkum áherslum. Vaxandi hópur skotveiðimanna getur ekki hugsað sér lengur að fara til fuglaveiða án þess að við hlið þeirra sé góður og vel þjálfður veiðihundur.



Í LOK VEIÐIDAGS Vorsteh-tíknar Zetu Jökla og systir hennar Zetu Jara stoltar með bráð. Þær eru tveggja og hálfis árs þegar eigandi þeirra tekur myndina.



Á VEIÐUM Írská setter tíkin Kvíkneskog-en's Sparta reisir rjúpur. Eigandi Egill Bergmann.



Á VESTFJÖRÐUM Vorsteh-tíkin Gæfu Beretta sem náði þrefaldri meistaratign. Íslenskur, alþjóðlegur og veiðimeistari. Hún er tíu ára þegar eigandinn Pétur Alan tekur myndina. MYNDIR/PÉTUR ALAN

Veiðimaður til fjórutíu ára:

Magnveiði er ekki veiðigleði

Jón B. Jónasson, lögfræðingur á Seltjarnarnesi, sendi Fréttablaðinu línu vegna frásagnar á veiðisíðu fyrir tveimur vikum af liðsmönnum Mokveiðifélagsins sem veiddu áttatíu gæsir í Skagafirðinum fyrr í haust.

„Reglulega birtast fréttir af veiðmönnum sem gengið hafa fram af ógnarkrafti í veiðimennsku og lagt að velli mikinn fjölda dýra. Virðist stundum lítið á að hér sé um að ræða einhverja sérstaka kappu sem hafi fengið einhverju mikilvægu áorkað. Persónulega finn ég mér þessar fréttir aðeins nóturlegar og framferði þessara manna veiðimönnum skaðlegt,“ skrifar Jón, sem sjálfur kveðst hafa stundað veiðar á fuglum í um það bil fjórutíu ár.

„Sem betur fer heyrir það til undantekninga að menn hagi sér með þessum hætti nú á dögum. Ekki vegna þess að menn hafi ekki lent í þeim aðstæðum að þeir hafi getað verið svona stórtækir heldur vegna þess að menn hafa skilning á því að slíkt framferði leiðir aðeins til þess að endingu að veiðar verði bannaðar. Raunar á slík magnveiði ekkert skylt við veiðigleði heldur frekar taumlausu græðgi,“ segir Jón og spyr hvort líklegt sé að áskoranir um hóflega veiði verði virtar af slíkum magnveiðimönnum.

„Ég vil líkja þessu við muninn á fluguveiði og maðkveiði“, segir Pétur Alan Guðmundsson, kaupmaður og hundadómari, um fuglaveiðar þar sem hundurinn og samspil hans við veiðimanninn skiptir meira máli en fjöldi fugla í pokanum.

„Við förum gjarna á svæði sem aðrir líta ekki við; sléttur frekar en fjöllin. Stórir fuglahópar eru ekki fyrir okkur. Þetta snýst um að þjálfun hundsins skili bráð,“ segir Pétur.

Góður fuglahundur leitar að rjúpu, fælir hana upp og veiðimaðurinn skýtur hana á flugi. Þá eftirleitar hundurinn, sem snýst um að fullvissa veiðimanninn um að fleiri fuglar séu ekki á svæðinu. Síðast sækir hundurinn fuglinn sem var skotinn.

„Ég hef lent í því að skjóta minnst en komið með mest heim af því að hundlausir veiðimenn týna iðulega fuglum,“ segir Pétur. „Hundurinn finnur líka dauðskotna fugla frá öðrum, sem er annar kostur.“

Þjálfun hundsins skiptir að

sjálfsögðu miklu máli því sportið við veiðar með þjálfuðum hundum er samspil manns og hunds. „Þetta snýst um að uppskera veiði með því að nýta eðlislæga eiginleika tegundarinnar.“

Nokkrar tegundir fuglahunda eru hér á landi og má nefna tegundirnar Breton, enskan, írskan og Gordon setter, snögg-hærðan Vorsteh, strýhærðan

Vorsteh, Vizsla og Weimaraner.

Pétur segir að þjálfun hundsins bæti veiðimanninum upp þann litla tíma sem gefist orðið hirlendis til rjúpnaveiða. Utan varptíma, og á meðan ungar eru að verða fleygir, stunda fuglahundamenn stífar æfingar. Þetta gefur mikla útiveru sem annars kæmi síður til. Reglulega eru síðan haldin veiðipróf á vegum

Hundaræktarfélags Íslands, sem Pétur segir afar mikilvæg.

„Það er erfitt að lýsa þessari tilfinningu. Þegar maður er kominn með fugl í pokann sem hundurinn skilar þá er það stórkostlegt.“

Frekari upplýsingar eru á fuglahundadeild.is og einnig er Vorsteh-klúbbur á Facebook.

svavar@frettabladid.is

AF BAKKANUM

Lokaspættur á risaafslætti

Lax-á býður nú síðustu veiðidaga ársins í Ytri-Rangá á sextíu prósent afslætti. Dagurinn kostar nú átta þúsund krónur á stöng í stað 19.800 króna áður. Að því er kemur fram á vef fyrirtækisins eru enn margar stangir lausar þessa síðustu daga. Lokadagurinn er á sunnudag.



Margir hlýddu kalli Mokveiðifélagsins


Ríflega tvö hundruð manns mættu og skemmtu sér konunglega á uppskeruhátíð sem Mokveiðifélagið stóð fyrir um síðustu helgi fyrir alla áhugasama stangveiðimenn. Ekki spillti fyrir að styrktaraðilar kvöldsins gáfu rausnarlega vinninga í happdrætti fyrir gesti. Mun hafa verið lítill kreppubragur á þeirri vinningaskrá. Þetta kemur fram í skeyti Mokveiðifélagsins sem birtist á votnogveidi.is.



N1 VEGAADSTOÐ
FYRIR REYKJAVÍK OG NÁGRENNI
Hafðu samband ef bíllinn bílar!
Opíð allan sólarhringinn, alla daga.
Sími 660 3350



HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI N1
**REYNSLUBOLTAR
MEÐ RÍKA
ÞJÓNUSTULUND**



**KOMDU VIÐ Á NÆSTA
HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI
N1. VIÐ TÖKUM VEL
Á MÓTI ÞÉR.**

- Hjólbardaþjónusta fyrir alla bíla, stóra, smáa, gamla og nýja
- Fagleg og skjót vinnubrögð
- Hagstætt verð
- Landsins mesta úrval af dekkjum og felgum
- Á dekkjahótelum N1 býðst þér að geyma sumardekkinn gegn vægu gjaldi
- Þjóðum vaxtalaus lán til allt að 12 mánaða, aðeins 3% lántökugjald

Kynntu þér nýja vefverslun með hjólbarda á www.n1.is



RJÚPA Veiðimenn hafa næstu vikur til að ná sér í jólarjúpunar.

Skotið í jólamatinn:

Rjúpnaveiðin hefst á morgun

Á morgun hefst rjúpnaveiði. Sem fyrr eru takmarkanir á veiðunum og algert sölubann á rjúpum. Leyft verður að veiða næstu sex helgar í samtals átján daga. Veiða má á föstudögum, laugardögum og sunnudögum.

SVFR á útleið í Soginu?

Syðri-Brú út og Ásgarður óviss

Stangaveiðifélag Reykjavíkur heldur ekki leigunni á Syðri-Brú í Soginu því annar aðili hefur gert herra tilboð. Þá hefur sveitarstjórn Grímsness- og Grafningshrepps frestað að afgreiða tilboð SVFR í veiðirétt í landi Ásgarðs. Beðið er tilboða í kjölfar auglýsingar um sölu eignarinnar. Um er að ræða tvær stangir í laxveiði og þrjár silungastangir ásamt afnotum af veiðihúsinu á veiðitímanum.

SPORT DAGAR

20% afsláttur:

Allur SPORT-fatnaður

Allir SPORT-skór

Allar SPORT-töskur

> Philip Seymour Hoffman

„Stundum líður mér illa yfir allri frægðinni og athyglinni sem ég hlýt. Það fer allt eftir hvaða dagur það er og hvað er í gangi. Ég hef enga löngun til þess að verða frægari en ég er. Ég þarfnast þess ekki.“

Philip Seymour Hoffman fer með aðalhlutverk í kvikmyndinni *Capote*, en Hoffman vann einmitt Óskarsverðlaunin fyrir leik sinn í myndinni. *Capote* er dagskrá Stöðvar 2 Bíó klukkan 22 í kvöld.

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ JÓN AÐALSTEINN BERGSVEINSSON BÍÐUR EFTIR ÓVÆNTUM ENDALOKUM

Leiðinlegt hringsól í Hringekjunni

Það er algengt að þeir sem feta í fótspor sérstakari einstaklinga standist sjaldan samanburðinn. Þannig komst Geir H. Haarde aldrei með tærnar þar sem Davíð Oddsson hafði hælana þegar sá fyrrnefndi tók við embætti forsætisráðherra 2006. Eins muna fleiri eftir Sigur Rós þegar bandið hitaði upp fyrir Will Oldham á Gauknum í febrúar 1999 – bandið hafði enn ekki gefið út *Agætis* byrjun. Ónefndur er velski leikarinn Timothy Dalton, sem tók við af Roger Moore í hlutverki James Bond undir lok níunda áratugar síðustu aldar. Dalton er reyndar svo óheppinn að vera borinn saman við þá Sean Connery, Roger Moore og George Lazenby, sem lék Bond í einni mynd á sjöunda áratugnum og hefur unnið sér það eitt til frægðar að vera þeirra lakastur. Það er heimikill Dalton í sjónvarps-

þættinum Hringekjunni sem hóf göngu sína í Ríkissjónvarpinu í byrjun mánaðar. Þótt mér hafi ekki fundist forveri hans Spaugstofan neitt sérlega góð um árabíl verður að segjast að Hringekjan er langt frá því að komast upp á sama stall. Sett Hringekjunnar er svo barnalega einfalt að það ætti fremur heima í barnaþætti, viðtölin svo viðvaningsleg að sker í eyru og gríni, sem þáttastjórnandinn leikur sjálfur í, ekki boðlegt í vinnuþópi. Þá minna tónlistaratriðin á útjaskaða bíldrúslu, svo oft hafa flest lögin verið flutt í söngvakeppnum framhaldsskóla að ég legg ekki lengur við hlustir. Meira að segja einn af sniðugri uppistöndurum landsins verður hjóm eitt innan um leiðindin. Eina tónlistin sem kveikir neista er upphafsstefið; það minnir á bresku sjónvarpsþættina *Óvænt endalok* sem nutu vinsælda fyrir þrjátíu árum. Endalokin voru þar eftir bókinni, óvænt, og urðu til þess að áhorfendur biðu spenntir eftir næsta þætti. Þegar Hringekjan byrjar langar mig því miður helst til að skipta um stöð.



SJÓNVARPIÐ

- 15.20 Fólki og firnindi - Kverkfjöll: Djásnið í kórónu landsins Þáttaröð eftir Ómar Ragnarsson. Textað á síðu 888 í Textavarp.
- 16.25 Kiljan (e)
- 17.20 Tákn málsfréttir
- 17.30 Herbergisfélagar (13:13)
- 17.50 Herramenn (46:52)
- 18.00 Stundin okkar (e)
- 18.25 Bombubyrgið (8:26)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.00 Martín læknir (8:8) Breskur gamanmyndaflokkur um lækninn Martin Ellingham.
- 20.50 Bræður og systur (77:85) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti.
- 21.35 Nýgræðingar (168:169) Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.10 Veðurfréttir
- 22.20 Sporlaust (10:24) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki.
- 23.05 Himinblámi (20:24) (e)
- 23.50 Kastljós (e)
- 00.10 Fréttir (e)
- 00.20 Dagskrárlök

BÍÓ

- 08.00 Mr. Wonderful
- 10.00 Proof
- 12.00 Happily N'Ever After
- 14.00 Mr. Wonderful
- 16.00 Proof
- 18.00 Happily N'Ever After
- 20.00 Wedding Daze
- 22.00 Capote
- 00.00 District B13
- 02.00 C.R.A.Z.Y.
- 04.05 Capote
- 06.00 27 Dresses

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2 (9:18) Latibær, Stuðboltastelpumar, Maularinn
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í finu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 The Doctors
- 10.15 Sjálfstætt fólk
- 11.00 Gilmore Girls
- 11.45 Logi í beinni
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 NCIS (19:25)
- 13.45 La Fea Más Bella (260:300)
- 14.30 La Fea Más Bella (261:300)
- 15.15 The O.C. 2 (5:24)
- 16.00 Barnatími Stöðvar 2 Camp Lazlo, Gulla og grænjaxlamir
- 16.35 Latibær (9:18)
- 17.05 Bold and the Beautiful
- 17.30 Nágrannar
- 17.58 The Simpsons (4:21)
- 18.23 Veður Markaðurinn.
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Two and a Half Men (3:24)
- 19.45 How I Met Your Mother (5:24)
- 20.10 Eldsnögg með Jóa Fel (5:10) Eilífta þáttaröðin með sjónvarpskokknum og bakameistararnum Jóa Fel.
- 20.45 NCIS: Los Angeles (11:24)
- 21.30 Human Target (2:12) Ævintýralegir spennuþættir um mann sem er hálfgerð ofurhetja.
- 22.15 The Forgotten (15:17) Spennuþættir í anda Cold Case.
- 23.05 Spaugstofan
- 23.35 Hlemmavideo (1:12)
- 00.05 Mér er gamanmál
- 00.35 The Mentalist (3:22)
- 01.20 Numbers (1:16)
- 02.10 The Pacific (6:10)
- 03.00 Third Man Out
- 04.40 Stay Alive
- 06.05 The Simpsons (4:21)

SPORT

- 07.00 Enski deildabikarinn: Newcastle - Arsenal
- 17.45 Spænsku mörkin 2010-2011 Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.
- 18.30 Enski deildabikarinn: Newcastle - Arsenal
- 20.10 PGA Tour 2010 Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni í golfi.
- 21.05 Inside the PGA Tour 2010 Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni í golfi.
- 21.30 Monte Carlo 1 Sýnt frá European Poker Tour þar sem mætast allir bestu spilarar heims.
- 22.20 Main Event Sýnt frá World Series of Poker Main Event þar sem samankomnir eru allir bestu spilarar heims.
- 23.10 UFC 121 Útsending frá UFC 121 en þangað eru mættir allir bestu bardagamenn heims.

SPORT 2

- 18.15 Sunderland - Aston Villa Enska úrvalsdeildin.
- 20.00 Premier League World 2010/11 Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hlögum.
- 20.30 Football Legends - Ronaldinho Í þessum mögnuðu þáttum eru margir af bestu knattspyrnumönnum sögunnar skoðaðir og skyggnst á bakvið tjöldin. Í þessum þætti verður fjallað um Ronaldinho, leikmann AC Milan á Ítalíu.
- 20.55 Premier League Review 2010/11 Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
- 21.50 Ensku mörkin 2010/11 Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
- 22.20 Birmingham - Blackpool Enska úrvalsdeildin.

SKJÁREINN

- 07.10 Nýtt útlit (6:12)
- 08.00 Dr. Phil (35:175)
- 08.40 Rachael Ray (111:175)
- 09.25 Pepsi MAX tónlist
- 12.00 Nýtt útlit (6:12)
- 12.50 Pepsi MAX tónlist
- 15.45 Parenthood (4:13)
- 16.35 Rachael Ray (112:175)
- 17.20 Dr. Phil (36:175)
- 18.00 America's Next Top Model (4:13)
- 18.50 Real Hustle (8:8)
- 19.15 Game Tívi (7:14)
- 19.45 Whose Line Is It Anyway (12:20)
- 20.10 The Office (10:26)
- 20.35 Hæ Gosi (5:6) Ný íslensk gamansería þar sem tekið er á alvöru málefnum á ferskan og sprenglægligan hátt.
- 21.05 House (10:22) Bandarísk þáttaröð.
- 21.55 CSI: Miami (5:24) Bandarísk saka-málasería um Horatio Caine og félagar hans.
- 22.45 Jay Leno (136:260) Spjallþáttur á léttum notum.
- 23.30 Nurse Jackie (4:12)
- 00.00 United States of Tara (4:12)
- 00.30 Last Comic Standing (7:14)
- 01.15 CSI: Miami (5:25)
- 02.00 Kill Bill Volume 2
- 04.20 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

- 17.10 Golfing World (23:70) Daglegur fréttabáttur þar sem fjallað er um allt það nýjasta í golfheiminum.
- 18.00 Golfing World (24:70)
- 18.50 PGA Grand Slam of Golf 2010 (1:2) Sigurvegararnir á risamótunum fjórum eigast við á árlegu móti sem fer núna fram á Bermuda.
- 22.00 Golfing World (24:70)
- 22.50 European Tour - Highlights 2010 (4:10) Vikulegur þáttur þar sem farið er yfir nýjustu mótin á Evrópumótaröðinni.
- 23.40 Golfing World (24:70)
- 00.30 ESPN America
- 06.00 ESPN America

EXTRA

- 19.15 The Doctors Spjallþættir framleiddir af Oprah Winfrey þar sem fjórir lækningar veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.
- 20.00 Entourage (3:12) Fimmta þáttaröðin um frambrólt Vincent og félagar.
- 20.30 Little Britain (1:6) Stöð 2 rifjar nú upp þættina sem slógu svo rækilega í gegn með þeim félögumum Matt Lucas og David Walliams og færðu þeim heimsfrægð.
- 21.00 Fréttir Stöðvar 2
- 21.25 Ísland í dag
- 21.50 Pretty Little Liars (9:22) Dramatískir spennuþættir sem byggðir eru á met-sölbókum eftir Söru Shepard.
- 22.35 Grey's Anatomy (5:22) Sjöunda sería þessa vinsæla dramapáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle-borg.
- 23.20 Medium (6:22) Sjötta þáttaröð þessa dulmagnaða spennuþáttar sem fjallar um sjáandann Allison Dubois.
- 00.05 Nip/Tuck (5:19)
- 00.50 Entourage (3:12)
- 01.20 Little Britain (1:6)
- 01.50 The Doctors
- 02.30 Fréttir Stöðvar 2
- 03.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV



18.15 Að norðan með Hildu Jönu Gísladóttur Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.



20.00 Hrafnaping Gísli Gíslason hjá MSC um vottun sjávarafurða.
21.00 Undir feldi Evrópumálin undir feldi eða hvað?
21.30 Eldum íslenskt Brakandi íslenskir bragðlaukar.
Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.



Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

- | | | | | | | |
|------------------|---------------------|---------------|----------------------|-----------------|-------------------------|-----------------------|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |

Grallaralegt ævintýri fyrir stelpur og stráka

HÖRIN Á HÖFÐI

GRÍMAN 2010 BARNASÝNING ÁRSINS

★★★★★ „Gaman!!!! Listamennirnir slá hvergi af kröfum sínum.“ EB, Fbl.

★★★★★ „Ein besta barnasýning síðasta árs... skemmtileg tónlist, fallett mál, smekklegr umgjörð og góður leikur.“ SG, Mbl.

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is

Borgarleikhúsið í samstarfi við GRAL

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.10

Eldsnögg með Jóa Fel

Ellefta þáttaröðin með sjónvarpskokknum og bakameistararnum Jóa Fel. Hann snýr nú aftur ferskari en nokkru sinni fyrr til að kenna okkur að elda gómsæta rétti án mikillar fyrirhafnar og af hjartans lyst. Í kvöld eldar Jói nautafille með beini, nautasteik að hætti postulanna tólf og gerir gómsætan eftirrétt sem ber heitið sabaglioni.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst 06.50 Bæn
07.03 Vít og breitt 07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunstund með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.13 Litla flugan 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Hádegisútvarpið 12.20 Hádegisfréttir 12.50 Dánarfregnir og auglýsingar 13.00 Heimur hugmyndanna 14.03 Á tónsviðinu 15.03 Útvarpsagan: Stormur 15.25 Bláar nótur í bland 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Vís sjá 18.00 Kvöldfréttir 18.21 Spegillinn 18.53 Dánarfregnir 19.00 Sinfóniukvöld - Á leið í tónleikasal 19.27 Sinfóniútónleikar 22.10 Orð kvöldsins 22.20 Forvitin öll 23.20 Til allra átta 00.05 Næturtonar

BBC entertainment

12.30 Deal or No Deal 13.05 Monarch of the Glen 13.55 Absolutely Fabulous 14.25 Absolutely Fabulous 14.55 My Family 15.25 Waterloo Road 16.15 The Weakest Link 17.00 Deal or No Deal 17.35 My Hero 18.10 Benidorm 18.40 Top Gear 19.30 Silent Witness 20.20 Come Dine With Me 20.45 Come Dine With Me 21.10 Top Gear 22.00 EastEnders 22.30 Silent Witness 23.20 Top Gear

DR 1

12.00 Hvað er det værd? 12.30 Spise med Price 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Boogie Mix 14.00 Hjertefilmmur Classic 14.30 Fillmore 14.50 Nik & Jan 15.00 Karlsson på taget 15.30 Fandango 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.00 Aftenshowet 2. del 17.30 Rabatten 18.00 Sporløs 18.30 Fængslet 19.00 TV Avisen 19.25 Jersild Live 19.50 SportNyt 20.00 Hævet over mistanke 21.10 Nul tolerance 22.55 Boogie Mix 23.45 Godnat

NRK 1

12.30 Tinas mat 13.00 NRK nyheter 13.10 Sjukehuset i Aidsensfield 14.00 Derrick 15.00 NRK nyheter 15.10 Tid for tegn 15.25 Ardna - Samisk kulturmagasin 15.40 Oddasat - nyheter på samisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Førkveld 16.40 Distriktsnyheter 17.45 Schrödingers katt 18.15 Sjøsprøyt 18.55 Distriktsnyheter 19.30 Debatten 20.20 Hjerte til hjerte - Spelet 21.00 Kveldsnytt 21.15 Spekter 22.00 Nasjonalgalleriet 22.30 FBI 23.30 Blues jukeboks

SVT 1

12.15 Fråga doktorn 13.00 Uppdrag Granskning 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 14.55 Anslagstavlán 15.00 Kvinnan i mitt liv 15.15 Vem tror du att du är? 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport med A-ekonomi 16.10 Regionala nyheter 16.15 Go'kväll 17.00 Kulturyheterna 17.15 Regionala nyheter 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Mitt i naturen 18.30 Niklas Mat 19.00 Life 20.00 Debatt 20.45 Undercover Boss 21.35 Veckans brott 22.35 Uppdrag Granskning 23.35 Nurse Jackie

SKJÁREINN FÆRIR ÞÉR MEIRA ÍSLENSKT



SkjáEinn býður þér glæsilegt úrval af íslensku og erlendu sjónvarpsfni á sérlega hagstæðu verði. Ef þú missir af uppáhaldspættinum þínum á SkjáEinum getur þú horft á hann hvenær sem þér hentar með SkjáFrelsi. Áskriftin færir þér

Veldu áskrift á skjareinn.is: SkjáEinn 2.890 kr.

aðgang að þúsundum nýrra og klassískra bíómynda í SkjáBíói og frábæru úrvali af ókeypis barnaefni. Ofan á allt saman getur þú valið á milli mismunandi pakka af heimsklassa skemmtun, fræðslu og fréttum með yfir 60 erlendum sjónvarpsrásum.



EKKERT VENJULEGT SJÓNVARP

HÆ gosi

FRÁBÆR ÍSLENSKUR SJÓNVARPSÞÁTTUR Í KVÖLD KL. 20.35

SkjáBíói VOD, SkjáFrelsi og SkjáHeimur er aðgengilegt um Sjónvarp Símans. Með Digital Island+ fæst aðgangur að SkjáEinum og SkjáFrelsi.



ÞORBJÖRG ROACH ER STELPAN Í RETRO STEFSON



ÞAÐ SEM ARI ELDJÁRN VEIT UM STEINDA - OG STEINDI UM ARA

RIS OG FALL KINGS OF LEON

FLEIRI ÍSLENSK DÆGURLÖG FRÁ HUGLEIKI

5 GÓÐ RÁÐ TIL AÐ FÁ SÉR TATTÚ ÁN ÞESS AÐ ENDA Á SPÍTALA

FYLGIRIT MEÐ FRÉTTABLAÐINU Á MORGUN



„Ég fæ mér yfirleitt alltaf hafragraut í morgunmat. Ég fæ mér samt alltaf hafragraut á leikdegi. Stundum leyfi ég mér meira að segja að setja kanil-sykur út á.“

Karen Knútsdóttir, landsliðskona í handbolta.

Mundi fékk fötin sín aftur

„Við duttum í lukkupottinn og endurheimtum allan lagerinn okkar gegn fundarlaunum,“ segir Mundi fatahönnuður en Fréttablaðið sagði frá því um daginn að brotist hefði verið inn í nýopnaða búð hans á Laugaveginum og lagerinn nánast tæmdur. „Við fengum allt til baka og þurfum því ekki spá í þessu meir sem er mikill léttir,“ segir Mundi.

Hann er þessa dagana að undirbúa frumsýningu hér á landi á sinni fyrstu stuttmynd sem nefnist Rabbit Hole. Myndin var sýnd í fyrsta skiptið á tiskuvíkunni í París þar sem henni var vel tekið. „Viðtökurnar voru frábærar og

áhorfendur voru ánægðir,“ segir Mundi en hann er bæði handrits-höfundur og leikstjóri myndarinnar en aðstandendur netmiðilsins Daze Digital hrifust af henni og verður hún sýnd þar á næstu dögum.

En hvað er tiskustuttmynd? „Þetta er kannski ekki beint tiskustuttmynd heldur meira svona súrrealískt ævintýri. Allir leikarar klæðast fötum frá mér og auðvitað sýnir hún fatnaðinn vel,“ segir Mundi en myndin hefur lúmska tengingu við ævintýrið um Lísu í Undralandi og fjallar um unga og sæta norn, sem leikin er af fyrir-sætunni Brynju Jónbjarnadóttur.

Hún lendir í ýmsum ævintýrum í myndinni rétt eins og Lísa.

Myndin verður sýnd í kvöld í Bíó Paradís klukkan 20 og býður Mundi alla velkomna að sjá hana. „Ég hlakka mikið til að sýna myndina hér heima og get vel trúað mér til að setjast í leikstjórstólinn aftur. Þetta var mjög gaman.“ - áþ

Í LEIKSTJÓRAHLUTVERKI Fatahönnuðurinn Mundi frumsýnir sína fyrstu stuttmynd í kvöld og er spenntur að sjá viðbrögðin hjá samlöndum sínum en myndin fékk góðar viðtökur á tiskuvíkunni í París.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



ELDGOSINU LOKIÐ Tryggingarfélag í Hollywood eru nú reiðubúin að tryggja kvikmyndagerð á Íslandi eftir að eldgosíð setti landið á svartan lista. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ísland fær samþykki frá Hollywood

Ísland hefur verið tekið af svörtum lista tryggingarféлага sem sérhæfa sig í að tryggja kvikmyndagerð utan Ameríku. Ísland lenti á þessum lista þegar eldgosíð í Eyjafjallajökli stóð sem hæst og flugsamgöngur um allan heim röskuðust. Fulltrúi stórfyrirtækisins Warner Bros. gerði úttekt á nokkrum atriðum hér á landi sökum þess að fyrirtækið leitast nú að tökustað fyrir stórmynd sem það hyggst framleiða og kemur Ísland til greina sem mögulegur tökustaður.

Leifur B. Dagfinnsson, framleiðandi hjá True North, segir þetta ánægjulegt enda hafi eldgosíð sett

strik í reikninginn og þá ekki síst tryggingarþáttinn. Leifur bendir jafnframt á að allur kraftur hafi verið lagður í ferðaþjónustu og uppbyggingu hennar en minna hafi borið á átaki vegna kvikmyndagerðar. „Menn geta bara horft til Nýja-Sjálands og hversu mikils virði kvikmyndagerð er í þeirra huga og spurt sig hvort íslensk stjórnvöld séu að gera nóg,“ segir Leifur. Eins og kemur fram á öðrum stað í Fréttablaðinu leiddi forsætisráðherra Nýja-Sjálands samninganefnd við Warner Bros. vegna kvikmyndanna um Hobbitann eftir Peter Jackson sem tryggir hátt í tvö þúsund manns vinnu. - fgg

JÓHANN PÁLL: TRACEY COX ÁTTI Í ÁSTARSAMBANDI HÉR FYRIR SEX ÁRUM

Heimspekt daðurdrottning á leið til Íslands á nýjan leik

„Tracey kom hingað fyrir sex árum síðan, þegar við gáfum út bókina hennar Súpersex. Og það má eiginlega segja að hún hafi fallið fyrir landi og þjóð,“ segir Jóhann Páll Valdimarsson, bókaútgefandi hjá Forlaginu. Kynlífs- og sambandsérfræðingurinn Tracey Cox heimsækir Ísland á nýjan leik 10. nóvember til að kynna bókina sína Lostaleikir. „Tracey hefur margoft óskað eftir því að fá að koma hingað aftur. Hún hlaut mjög góðar viðtökur hjá þjóðinni á sínum tíma og kenndi Íslendingum heimikið um rómantik og nýstárleg rekkjubrögð.“

Jóhann sjálfur segist ekki hafa notið persónulegrar leiðsagnar hennar heldur hafi samband þeirra eingöngu verið á faglegum nótunum. „Ástæðan fyrir því að fáum hana til landsins er sá mikli drungi og þungi sem hvílir yfir samfélaginu. Við erum auðvitað að gefa út nýja bók eftir hana en ég held að Íslendingar hafi gott af því að fá ráð hjá henni varðandi rómantik og rekkjubrögð því Tracey fullyrðir í nýju bókinni að hún geti hjálpað til við að senda fólk upp í sjöunda unaðsheiminn. Og hver hefur ekki gott af því á þessum síðustu og verstu?“

Jóhann lumar jafnframt á leyndarmáli sem ekki hefur áður verið dregið fram í dagsljósið en Tracey átti í rómantísku ástarsambandi við íslenskan karlmann meðan á dvöl hennar stóð fyrir sex árum. „Og það var ekkert til að draga úr áhuga hennar á heimsókninni,“ segir Jóhann og bætir því við að karlpeningurinn hafi gengið með grasið í skónum á eftir Cox, sumir hafi gengið lengra en aðrir og jafn-



COX VINSÆL

Tracey Cox naut mikilla vinsælda hjá hinu kyninu þegar hún heimsótti Ísland fyrir sex árum. Þá átti hún, að sögn útgefandans Jóhanns Páls, í ástarsambandi við íslenskan mann. Hún sækir landið heim aftur 10. nóvember.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR



vel þjónar á finustu veitingastöðum hafi gert hosur sínar grænar fyrir henni.

„Íslenskir karlmenn mega vera stoltir því Tracey er mikill sér-

fræðingur á sínu sviði og hátt skrifuð,“ segir Jóhann og bætir því við að hann viti ekki betur en að Tracey sé á lausu um þessar mundir.

freyrgjgja@frettabladid.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

Leitin að jólnum		
Lau 27.11. Kl. 13:00	Lau 4.12. Kl. 11:00	Sun 5.12. Kl. 13:00
Lau 27.11. Kl. 14:30	Lau 4.12. Kl. 13:00	Sun 5.12. Kl. 14:30
Sun 28.11. Kl. 13:00	Lau 4.12. Kl. 14:30	
Sun 28.11. Kl. 14:30	Sun 5.12. Kl. 11:00	
Finnski hesturinn (Stóra sviðið)		
Lau 30.10. Kl. 20:00 4. sýn	Fim 11.11. Kl. 20:00 8. sýn	Sun 21.11. Kl. 15:00 br. sýn.tími
Sun 31.10. Kl. 20:00 5. sýn	Fös 12.11. Kl. 20:00	Lau 27.11. Kl. 20:00
Fös 5.11. Kl. 20:00 6. sýn	Fös 19.11. Kl. 20:00	Sun 28.11. Kl. 20:00
Lau 6.11. Kl. 20:00 7. sýn	Lau 20.11. Kl. 20:00	
Fíasól (Kúlan)		
Lau 30.10. Kl. 13:00	Sun 7.11. Kl. 15:00	Sun 21.11. Kl. 13:00
Lau 30.10. Kl. 15:00	Lau 13.11. Kl. 13:00	Lau 27.11. Kl. 13:00
Sun 31.10. Kl. 13:00	Lau 13.11. Kl. 15:00	Lau 27.11. Kl. 15:00
Sun 31.10. Kl. 15:00	Sun 14.11. Kl. 13:00	Sun 28.11. Kl. 13:00
Lau 6.11. Kl. 13:00	Sun 14.11. Kl. 15:00	Sun 28.11. Kl. 15:00
Lau 6.11. Kl. 15:00	Lau 20.11. Kl. 13:00	
Sun 7.11. Kl. 13:00	Lau 20.11. Kl. 15:00	
Hænuungarnir (Kassinn)		
Fim 28.10. Kl. 20:00	Lau 6.11. Kl. 20:00	Fös 26.11. Kl. 20:00
Fös 29.10. Kl. 20:00	Fim 11.11. Kl. 20:00	Lau 27.11. Kl. 20:00
Lau 30.10. Kl. 20:00	Fös 12.11. Kl. 20:00	Fös 3.12. Kl. 20:00
Sun 31.10. Kl. 20:00	Lau 13.11. Kl. 20:00	Lau 4.12. Kl. 20:00
Fim 4.11. Kl. 20:00	Fös 19.11. Kl. 20:00	
Fös 5.11. Kl. 20:00	Lau 20.11. Kl. 20:00	
Íslandsklukkan (Stóra sviðið)		
Mið 27.10. Kl. 19:00	Mið 10.11. Kl. 19:00	Lau 11.12. Kl. 19:00 Aukas.
Fim 28.10. Kl. 19:00	Sun 14.11. Kl. 19:00	Lau 12.12. Kl. 19:00 Aukas.
Mið 3.11. Kl. 19:00 Aukas.	Mið 24.11. Kl. 19:00 Aukas.	
Sun 7.11. Kl. 19:00	Fim 25.11. Kl. 19:00 Aukas.	
Gerpla (Stóra sviðið)		
Fös 29.10. Kl. 20:00	Fim 18.11. Kl. 20:00 Aukas.	Fös 3.12. Kl. 20:00
Fim 4.11. Kl. 20:00	Fös 26.11. Kl. 20:00	
Lau 13.11. Kl. 20:00	Fim 2.12. Kl. 20:00 Aukas.	

Kristmundur Axel með nýtt lag

„Þetta er mjög gott lag, svo vonandi gengur þetta upp hjá okkur,“ segir Kristmundur Axel Kristmundsson sem frumflutti lagið „Það birtir alltaf til“ á tónlistarstöðinni FM 957 í gær. Kristmundur Axel sló í gegn í Söngkeppni framhaldsskólanna síðasta vor þegar hann rappaði lag um pabba sinn.

Kristmundur hefur síðustu mánuði fylgt eftir vinsældum lagsins, Komdu til baka, en nú er hann tilbúinn að taka næsta skref. Með honum syngur Elín Lovísa Elíasdóttir, en hún er yngri systir söngkonunnar Klöru Óskar Elíasdóttur sem söng með Nylon en er nú í söngflokknum The Charlies. „Elín Lovísa er rosalega góð og það var gaman að vinna með henni,“ segir Kristmundur.

Elín sjálf var ekki viðstödd í hljóðveri FM 957 þegar lagið var frumflutt. „Ég var ekki á staðnum en var með stillt á FM og fannst þetta æði,“ segir Elín Lovísa. Klara Ósk, systir Elínar, er löngu orðin þekkt innan tónlistargeirans og því athyglisvert að vita hvort



NÝTT DÚÓ Kristmundur Axel og Elín Lovísa voru að senda frá sér lagið Það birtir alltaf til. Elín Lovísa er yngri systir Klöru úr Nylon. Í bakgrunni eru upptökustjórnarnir í Stop Wait Go.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Elín stefni herra en systir sín. „Ef þetta lag slær í gegn er aldrei að vita hvað tekur við. Er hægt að verða eitthvað frægari en hún?“ segir Elín og hlær.

Kristmundur Axel segist ekki vita hvort von sé á fleiri lögum frá

honum. „Við byrjum bara á þessu og sjáum svo til hvað gerist.“

Það voru strákarnir í Stop Wait Go sem sá um útsetninguna á laginu en þeir hafa verið að útsetja lög fyrir The Charlies, Frikka Dór, Haffa Haff, Steinda jr. og fleiri. - ka

SKÍÐASTÖKK Í SÓLARHRING!

24 klst

Stökkið hefst
í dag klukkan 12:00
og stendur í sólarhring!

Verð á flugi aðra leið til Verona frí:

29.900 kr.*

Flugvallaskattar innifaldir í verði

Beint flug
til Ítalíu!

Stökktu á frábært tækifæri!

Í einn sólarhring bjóðum við tilboðsverð á flugsætum í Alpna. Þannig kemst þú á skíði fyrir lægra verð hvort sem þú bókar aðeins flugsætið eða heildarpakka.

Skíðastökkið hefst í dag, fimmtudaginn 28. október, og gildir í sólarhring! Tilboðið rennur út kl 12:00 á hádegi föstudaginn 29. október.

Ath!

Ef þú bókar skíðaferð hjá okkur þá látum við bera undir skíðin þín og brýna kantana frítt hjá Útilíf!*

UV
ÚRVAL·ÚTSÝN

MEIRA Á urvalutsyn.is



Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

LÖGFRÆÐIÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð
fimmtudaga milli 19:30 – 22:00
í síma 551-1012.

NOVA

FRÉTTIR AF FÓLKI

Fjarstýrir Eyjunn

Þorfinnur Ómarsson, ritstjóri Eyjunnar, og Ástrós Gunnarsdóttir kona hans flytja til Brussel í vikunni. Þar opnar Ástrós fljótlega pilates-stúdíó. Stutt er síðan auglýst var eftir nýjum ritstjóra Eyjunnar. Hann hefur látið biða eftir sér og mun Þorfinnur sinna starfinu að utan. Þorfinnur mun ekki ókunnur fjarstýringu á miðlinum en Eyjunn stýrði hann um þriggja mánaða skeið frá Panama í sumar.



- jab

Önnur grínplata

Ari Eldjárn hefur á skömmum tíma breyst úr feimnum textahöfund í auglýsingastofu í heitasta grínara landsins. Uppgangur hans og félaganna í Mið-Íslandi hefur verið hraður og mikill og Ari hefur þess utan verið duglegur að koma fram við ýmis tilefni. Fyrir jólin í fyrra gaf Ari út plötu með gamanmálum sínum, Grín skín, sem naut talsverðra vinsælda. Nú heyrir að von sé á framhaldi plötunnar innan tíðar og ætti það að gleðja sífellt stækkandi aðdáendahóp Ara.



Góður gestur

Reggisveitin Hjálmar fagnar útgáfu á ljósmyndabók og nýrri plötu með tónleikum í Háskólabíói á laugardagskvöld. Þar ætlar sveitin að spila öll sín bestu lög og nýtur fulltingis blásarasveitar. Þá ætti það ekki að skemma fyrir að goðsögnin Þórir Baldursson mætir á svæðið með Hammond-orgel sitt og leikur undir með Hjálmunum.



- hdm

Mest lesið VISIR.IS

- 1 Ólína í hálkuslysi
- 2 Flutningabíllinn tættist í sundur
- 3 Ungbörn sofa lengur vegna súrefnisskorts
- 4 Danir sökkva sjóræningjaskipi
- 5 Færeyskur togari í björtu báli
- 6 Móðir Gillz: „Þetta jaðrar við að vera einelti“

Fréttablaðið er með **180%** meiri lestur en Morgunblaðið.

27,7%
MORGUNBLAÐIÐ

77,5%
FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft...
Medallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára.
Könnun Capacent í febrúar til apríl 2010.

Byssudagar í Sportbúðinni

Allt að **30%** afsláttur af völdum haglabyssum í fáeina daga


Tvíhleypur frá 69.900, Pumpur frá 49.900

Hálfsjálfvirkar frá 69.900, Takmarkað magn

Langódýrustu rjúpnaskotin?

Sellier & Bellot 36 gr. aðeins 1.395 krónur pakkinn (25 stk)

Rio 36 gr. aðeins 1.595 krónur pakkinn (25 stk)



Rjúpnavestin vinsælu

Ný sending kemur eftir helgina á frábæru verði
Aðeins 8.995

Munið vinsælu gjafabréfin okkar



SPORTBÚÐIN

Sportbúðin – Krókhálsi 5 – 517 8050

Léttöl